



Fellaskóli í Fellabæ

Úttekt

Halldóra Kristín Magnúsdóttir
Unnar Þór Böðvarsson

Maí 2011
Unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneyti

© Halldóra Kristín Magnúsdóttir og Unnar Þór Böðvarsson, 2011.
Fellaskóli í Fellabæ. Úttekt.
Unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Myndir á forsiðu eru fengnar af heimasíðu Fellaskóla. Myndirnar eru teknar í Freysnesi á Degi umhverfisins.

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Fellaskóla í Fellabæ. Úttektin er unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Halldóra Kristín Magnúsdóttir og Unnar Þór Böðvarsson.

Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum skólans, starfsfólki, nemendum, foreldrum, fræðslufyrirvöldum og öðrum viðmælendum gott samstarf og aðstoð við gagnaöflun á meðan á úttektinni stóð.

Hvolsvelli 25. maí 2011.

Halldóra K. Magnúsdóttir og Unnar Þór Böðvarsson.

Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Efnisyfirlit.....	5
Myndir og töflur.....	7
Meginniðurstöður.....	8
Inngangur.....	9
Gagnaöflun	9
Skólinn	11
Fellaskóli.....	11
Áherslur og stefna.....	12
Rekstur og stjórnun	14
Lög og reglugerðir	15
Ytri tengsl.....	15
Starfsandi og skólabragur.....	16
Aðbúnaður.....	16
Samantekt og mat	16
Skólanámskrá.....	18
Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags	18
Sérstakar áherslur skólans.....	19
Aðrar áherslur	19
Kennsla	19
Tengsl skólastiga.....	20
Námsmat	21
Val í námi.....	23
Skólaþróun	23
Samantekt og mat	23
Innra mat	25
Fyrirkomulag og framkvæmd	25
Tengsl við skólanámskrá og þátttakendur í mati	26
Umbætur á grundvelli sjálfsmats	26
Samantekt og mat	26
Kennarar og annað starfsfólk	27
Menntun og endurmenntun	27
Skipulag skólastarfs	28
Námsárangur	28
Námsmat	28
Innra mat.....	28
Nemendur	29
Jafnrétti	30
Samantekt og mat	30
Nemendur.....	31
Líðan, jafnrétti og lýðræði.....	31
Samskipti við kennara og starfsfólk.....	31
Samskipti heimila og skóla	31
Skólaráð, nemendaráð og félags- og tómstundastarf.....	32
Kennsla, námsárangur og námsmat.....	32
Samantekt og mat	33

Foreldrar	34
Þátttaka foreldra í skólastarfi	34
Foreldrafélag og skólaráð	34
Lýðræði.....	35
Afstaða til þjónustu við fjölskyldur nemenda með sérþarfir.....	35
Samantekt og mat	36
Sérfræðiþjónusta sveitarfélags.....	37
Fyrirkomulag, aðgengi og umfang.....	37
Eftirfylgni í framhaldi af greiningu.....	38
Nemendaverndarráð	38
Ráðgjöf til kennara	38
Sjúkrakennsla og skólaheilsugæsla	39
Samantekt og mat	39
Mat og eftirlit sveitarfélagsins.....	40
Um ytra mat á Fljótsdalshéraði	40
Samantekt og mat	40
Umræða og tillögur til úrbóta.....	41
Styrkleikar og veikleikar	42
Tillögur að aðgerðum til úrbóta	43
Lokaorð.....	44
Heimildir	45

Myndir og töflur

Mynd 1: Afstöðumynd af Fellaskóla.	12
Mynd 2: Þrjú grunngildi menntunar sem Fellaskóli vinnur út frá.....	13
Mynd 3: Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 29. grein	18
Mynd 4: Úr skólastefnu Fellaskóla, 2010.....	19
Mynd 5: Um samstarf Fellaskóla og Hádegishöfða veturinn 2010 – 2011.....	20
Mynd 6: Lög um grunnskóla nr.91/2008, 27. grein.	21
Mynd 7: Um námsmat á heimasíðu Fellaskóla, 2010.....	21
Mynd 8: Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 36. grein.	25
Mynd 9: Um mat á skólastarfi af heimasíðu Fellaskóla.	25
Mynd 10: Lög um grunnskóla nr. 91/2008, úr 9. grein.....	34
Mynd 11: Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla.	35
Mynd 12: Um Skólaskrifstofu Austurlands	37

Tafla 1: Nemendur Fellaskóla og fjöldi bekkjardeilda í mars 2011.....	11
Tafla 2: Starfsfólk Fellaskóla í mars 2011.....	12
Tafla 3: Árangur Fellaskóla á samræmdum prófum í 4. bekk 2005-2010.....	22
Tafla 4: Árangur Fellaskóla á samræmdum prófum í ensku í 10. bekk 2005 - 2010..	22
Tafla 5: Framfarastuðlar og normaldreifðar einkunnir Fellaskóla í íslensku og stærðfræði í 7. og 10. bekk 2005 – 2010.	22
Tafla 6: Úr könnun á foreldradegi í Fellaskóla 28. október 2010.....	29
Tafla 7: Úr könnun á foreldradegi í Fellaskóla 24. febrúar 2011	29

Meginniðurstöður

Pitt er menntað afl og önd,
eigirðu fram að bjóða:
Hvassan skilning, haga hönd
hjartað sanna og góða.

Út frá marki manninn þann
ég menntaðastan dæmdi,
flest og best sem var og vann
það vönduðum manni sæmdi.

Ljóðlínur Klettafjallaskáldsins Stephans G. Stephanssonar hér að ofan eru uppspretta að grunngildum í skólastefnu Fellaskóla í Fellabæ á Fljótsdalshéraði.

Í Fellaskóla er unnið eftir þeim þremur grunngildum menntunar sem Klettafjallaskáldið gefur sér. Hjá viðmælendum fengust þær upplýsingar að á hverju skólaári er tekið fyrir eitt grunngildanna sem unnið er með í skólanum.

Það er mat skýrsluhöfunda að Fellaskóli leitist við að styðja við bakið á nemendum sínum og efla þá með því að leggja ekki aðeins áherslu á bóknám heldur einnig aðra þætti sem geta byggt nemendur upp. Einnig er lögð áhersla á að einstaklingar eru misjafnir og tekið er á hverju úrlausnar efni eins og það kemur fyrir þegar það kemur fyrir. Skýrsluhöfundar telja að mjög vel sé fylgst með námsframvindu nemenda og gripið sé fljótt inn í ef ástæða er til og eru sammála viðmælendum um að sérkennslan sé einn af sterkari þáttum skólastarfsins.

Viðmælendur skýrsluhöfunda sögðu að námsárangur í Fellaskóla væri viðunandi og í jafnvægi miðað við aðra skóla í fjórðungnum. Styrkleikar Fellaskóla liggja í því að úr skólanum koma félagslega sterkir nemendur sem geta sett fram skoðanir á ýmsu og fært rök fyrir sínu máli. Árangur skólans á samræmdum prófum undanfarin ár er að meðaltali við meðallag eða rétt undir meðallagi í samanburði við alla skóla á landinu. Skýrsluhöfundar leggja til að skólinn setji sér viðmið um ásættanlegan árangur í þessum efnum.

Það er mat skýrsluhöfunda að foreldrar bera mikið traust til skólans og alls starfsfólks. Foreldrar eru áhugasamir um nám barna sinna og virðast almennt fylgjast nokkuð vel með heimasíðu skólans. Upplýsingaflæði frá skóla til heimila er í góðu lagi svo langt sem það nær, en að mati skýrsluhöfunda vantar mikið á að í skólanámskrá og á heimasíðu séu allir þeir þættir sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Í skólanum er í vetur unnið að innra mati samkvæmt áætlun sem unnin er í samstarfi við fulltrúa frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Matsáætlunin er ekki á heimasíðu en skýrsluhöfundar benda á mikilvægi þess að formgera matið og birta áætlunir um það. Einnig er mikilvægt að unnin verði sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum kannana sem lagðar hafa verið fyrir skólastarfið í vetur. Mikilvægt er að sett verði niður áætlun um ytra mat á skólastarfi sveitarfélagsins og áætlunin verði birt í menntastefnu Fljótsdalshéraðs.

Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir úttekt á Fellaskóla í Fellabæ. Úttektin er unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á grunnskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hiðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla.

Í maí 2010 birti mennta- og menningarmálaráðuneytið þriggja ára áætlun sína um ytra mat í framhaldsskólum, grunnskólum og leikskólum 2010 – 2012. Þar segir að samkvæmt lögum hafi ráðherra eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög um grunnskóla, aðalnámskrá og reglugerðir kveða á um. Í áætlun ráðuneytisins segir enn fremur að ný lög um grunnskóla geri ráð fyrir auknu ytra mati á starfsemi grunnskóla. Þessu hyggst ráðuneytið mæta með aukinni áherslu á stofnanaúttektir og áætla að árin 2010 – 2012 verði gerðar stofnanaúttektir á 18 grunnskólum.

Í ljósi þessarar áætlunar auglýsti mennta- og menningarmálaráðuneytið eftir sveitarfélögum sem áhuga hefðu á því að fram fari úttektir á starfi grunnskóla innan sveitarfélagsins. Lögð var áhersla á að afstaða skólastjóra viðkomandi skóla til úttektarinnar kæmi fram í umsókninni. Í auglýsingu ráðuneytisins kemur fram að í úttektinni felist að utanaðkomandi aðili leggi mat á viðkomandi grunnskóla og starf hans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Það verði m.a. gert með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum úttektaraðila og viðtölum við nemendur, starfsfólk skóla, foreldra og fleiri hagsmunaaðila ef úttektaraðilar kjósa svo.

Nokkur sveitarfélög óskuðu eftir því að skólar þeirra fengju að vera þátttakendur í þessari úttektarlotu og valdi ráðuneytið skóla til úttektar úr umsóknunum. Í bréfi sem sent var til sveitarfélaga þeirra skóla sem urðu fyrir valinu er greint frá markmiðum úttektarinnar og að þar verði m.a. lögð áhersla á stefnu og stjórnun, skipulag kennslu, innra mat, námskröfur, fyrirkomulag námsmats, val í námi og sérfræðipjónustu sveitarfélagsins. Úttektin beinist einnig að mati og eftirliti sveitarfélagsins með skólastarfi og hvernig það nýtist skólanum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Halldóru Magnúsdóttur matsfræðingi og Unnari Þór Böðvarssyni fyrrverandi skólastjóra að annast úttektina. Í skýrslunni er í upphafi gerð grein fyrir gagnaöflun, markmiðum og aðferðum við úttektina. Skýrslan skiptist síðan í 8 meginkafla sem hver fyrir sig fjallar um ákveðinn þátt skólastarfsins og lýkur hverjum kafla með samantekt og mati skýrsluhöfunda. Að lokum er svo kafla þar sem dregnar eru fram meginniðurstöður höfunda og settar fram tillögur til úrbóta.

Gagnaöflun

Í erindisbréfi úttektaraðila frá mennta- og menningarmálaráðuneyti kom fram að úttektin yrði byggð á fyrirbyggjandi gögnum tengdum starfsemi skólans. Í upphafi úttektarinnar var skólastjóra Fellaskóla, Sverri Gestssyni, sent bréf þar sem greint var frá úttektinni og óskað eftir að fá eftirtalin gögn afhent í væntanlegri heimsókn í skólann:

- Skólanámskrá.
- Starfsáætlun.
- Sjálfsmatsskýrsla.
- Nemendafjöldi, skipt eftir árgöngum.
- Starfsmannafjöldi, starfsheiti og starfshlutfall.
- Skipurit skólans.
- Upplýsingar um öryggisnefnd og helstu verkefni.

- Upplýsingar um valgreinar.
- Skólaráð, skipan, kjör og helstu verkefni þess.
- Lög foreldrafélags og helstu verkefni.

Úttektaraðilar heimsóttu Fellaskóla tvisvar, fimmtudagana 10. og 24. mars. Tekin voru viðtöl, gengið um húsnæði skólans, borðað í mötuneyti með nemendum og reynt að fanga skólabrag Fellaskóla. Viðtöl voru tekin við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í báðum heimsóknunum, auk þess voru tekin rýnihópaviðtöl við eftirfarandi aðila:

- Fulltrúar annars starfsfólks (skólaliði og stuðningsfulltrúar).
- Deildarstjóri sérkennslu ásamt sérkennara.
- Fulltrúar kennara (3 umsjónarkennarar, auk þess kennarar sem kenna íþróttir, myndmennt, textíl, heimilisfræði og tæknimennt).
- Fulltrúar foreldra (fulltrúar úr skólaráði og stjórn foreldrafélags).
- Fulltrúar nemenda.
- Fulltrúar fræðslufirvalda á Fljótsdalshéraði, fræðslufulltrúi Fljótsdalshéraðs, fulltrúar úr fræðslunefnd og félagsráðgjafi sem á sæti í nemendaverndarráði Fellaskóla.

Leitað var heimildar til að hljóðrita viðtölin til að auðvelda úrvinnslu. Öllum viðmælendum var heitið trúnaði, þeir ekki nafngreindir og ekki er vitnað í einstaklinga úr rýnihópum, einungis sagt frá því sem þar kom fram. Öllum hljóðskrár verður eytt að úttekt lokinni.

Auk ofangreinds byggir úttektin á fjölmörgum gögnum og heimildum um skólastarfið sem allra er getið í heimildaskrá.

Skólinn

Fellaskóli.

Fellaskóli er grunnskóli fyrir börn á aldrinum 6-15 ára í 1.-10. bekk og starfar samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Hann stendur ofarlega í þorpinu Fellabæ að Einhleypingi 2 á vestari bakka Lagarfljóts en handan fljótsins eru Egilsstaðir í þriggja kílómetra fjarlægð. Frá skólanum er ákaflega opið og fallegt útsýni með hin lágu en aðlaðandi Fell miðsvæðis en af þeim dregur sveitin nafn sitt. Fellaskóli er einn af 4 grunnskólum sem reknir eru í sveitarfélaginu Fljótshéraði sem varð til árið 2004 og nær yfir hin 3 eldri sveitarfélög Fellahrepp, Austur-Hérað og Norður-Hérað. Skólahverfi Fellaskóla er skilgreint sem fyrrum Fellahreppur.

Samkvæmt nemendaskráningu í Fellaskóla frá 10. 3. 2011 eru nemendur í skólanum 102 talsins 52 drengir og 50 stúlkur. Skipting nemendahópsins í aldursárganga/bekki, kyn og fjölda bekkjardeilda er sbr. töflu 1 hér að neðan.

Tafla 1: Nemendur Fellaskóla og fjöldi bekkjardeilda í mars 2011.

Bekkur	drengir	stúlkur	samtals	bekkjardeildir
1. bekkur	5	5	10	1
2. bekkur	5	4	9	1
3. bekkur	4	4	8	
4. bekkur	7	7	14	1
5. bekkur	3	3	6	1
6. bekkur	4	5	9	
7. bekkur	6	8	14	1
8. bekkur	6	4	10	
9. bekkur	8	7	15	1
10. bekkur	4	3	7	1
Samtals	<u>52</u>	<u>50</u>	<u>102</u>	<u>7</u>

Nemendafjöldi skólans hefur tvöfaldast frá árinu 1990. Flestir nemenda skólans eru úr þéttbýliskjarnanum Fellabæ eða fjórir af hverjum fimm en einn fimmti þeirra er úr sveitinni í kring. Í sveitarfélaginu er frjálst sveigjanlegt skólaval og eru stöðugt fleiri sem nýta sér þann möguleika. Fimm nemendur sem búa í skólahverfi Fellaskóla stunda nám í öðrum skólum en liðlega tuttugu nemendur sem eiga lögheimili í öðrum skólahverfum stunda nám við skólann. Skólaakstur er fyrir nemendur úr skólahéraðinu einnig þarf að aka nemendum í sund yfir í Egilsstaði en íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsinu í Fellabæ sem tekið var í notkun í janúar 2005.

Skólastjóri Fellaskóla Sverrir Gestsson hefur starfað við Fellaskóla sl. 23 ár. Fyrst sem kennari en tók við skólastjórn árið 1995 sem gera 16 ár í starfi skólastjóra. Við skólann er einnig aðstoðarskólastjóri ásamt deildarstjóra sérkennslu sem er í 30% starfi sem deildarstjóri.

Tafla 2: Starfsfólk Fellaskóla í mars 2011.

	fjöldi karlar	fjöldi konur	stöðugildi	meðalt. ára í starfi
Skólastjórnendur	2	1	2,3	13,33
Kennarar	2	11	11,48	6,76
Stundakennarar	1	1	0,53	8
Stuðningsfulltrúar	0	3	2	2,66
Skólaliðar	0	3	2,3	9,66
Samtals....	<u>5</u>	<u>19</u>	<u>18,61</u>	

Eins og tafla 2 ber með sér er starfsaldur starfsfólks í Fellaskóla almennt hár. Í allt eru skráð 24 nöfn á starfsmannalista skólans og þar af hafa 14 starfsmenn starfað við skólann í sex ár eða meira. Síðustu fimm ár hafa 7 kennarar verið ráðnir að skólanum þar af einungis 1 sl. haust. Einnig ber að geta þess að tveir stuðningsfulltrúar hvor í 50% starfi eru ráðnir tímabundið fyrir yfirstandandi skólaár. Meðalstarfsaldur starfsfólks er um 7,5 ár.

Hér fyrir neðan má sjá afstöðu skólans á Fljótshéraði.



Mynd 1: Afstöðumynd af Fellaskóla.¹

Áherslur og stefna.

Einkunnarorð Fellaskóla eru: Mennt er máttur ...**ef** þú ert sáttur! og koma þau frá fyrrum nemanda. Í einkunnarorðunum má finna kjarnann í stefnu skólans en þar stendur: „Menntun er aðalhlutverk skólans en til þess að menntunin nái tilgangi sínum þarf nemandanum að líða vel“.² og síðar í skólastefnunni segir: „Fellaskóli leitast við að styðja við bakið á nemendum sínum og efla þá með því að leggja ekki aðeins áherslu á bóknað heldur einnig aðra þætti sem geta byggt nemendur upp“.³ Við mótun skólastefnunnar leitar Fellaskóli einnig fanga í eftirfarandi ljóðlínur Klettafjallaskáldsins Stephans G. Stephanssonar en í þeim koma viðhorf hans til menntunar skýrt fram.

¹ Heimasíða Fellaskóla, 2011.

² Skólastefna Fellaskóla, 2009.

³ Skólastefna Fellaskóla, 2009.

Pitt er menntað afl og önd,
eigirðu fram að bjóða:
Hvassan skilning, haga hönd
hjartað sanna og góða.

Út frá marki manninn þann
ég menntaðastan dæmdi,
flest og best sem var og vann
það vönduðum manni sæmdi.

Eins og fram kemur í ljóðlínunum leggur skáldið áherslu á að menntun byggir á þremur grunngildum sem eru:

- að búa yfir hvössum skilningi = bókvit
- að eiga haga hönd = verkvit
- að hafa gott hjartalag = siðvit

Mynd 2: Þrjú grunngildi menntunar sem Fellaskóli vinnur út frá.

Í Fellaskóla er unnið eftir þeim þremur grunngildum menntunar sem Klettafjallaskáldið gefur sér þ.e. að efla bókvit, að efla verkvit og að síðustu að efla siðvit. Hjá viðmælendum fengust þær upplýsingar að á hverju ári er tekið fyrir eitt áhersluatriði og á þessu skólaári er sérstaklega unnið með grunngildið að efla verkvit, haga hönd. Ekkert kemur fram í skólastefnu, skólanámskrá eða á heimasíðu skólans um þessi vinnubrögð en þessar áherslur eru að sögn skólastjóra kynntar á kynningarkvöldum sem haldin eru fyrir nemendur og foreldra í upphafi skólaárs.

Niðurlagsorð skólastefnu Fellaskóla eru: „Þó hér hafi verið reynt að lýsa þeim hugmyndum sem liggja að baki skólastarfinu verður Fellaskóli eins og aðrir skólar fyrst og fremst metinn út frá verkum sínum en ekki orðum“.⁴

Skólastefna Fellaskóla er unnin á lýðræðislegan hátt. Skólastjóri hafði forgöngu um að koma tillögu að stefnu á blað sem síðan var unnin með hagsmunaaðilum þar til fullmótuð stefna lá fyrir. Það vakti athygli skýrsluhöfunda hversu fljótir viðmælendur í rýnihópum voru til svars þegar spurt var að því hvort þeir þekktu til stefnu skólans. Allir sem einn sögðust þeir kannast við stefnuna og sögðu hana vera lifandi og tillit tekið til hennar í skólastarfinu. Skólastefna Fellaskóla var síðast endurskoðuð á starfsmannafundi haustið 2009 og í skólaráði með minniháttar orðalagsbreytingu á fundi þann 30. nóvember sama ár.

Það var samhljóða álit viðmælenda skýrsluhöfunda að skólastefna Fellaskóla tæki mið af menntastefnu Fljótsdalshéraðs eða með öðrum orðum að það væri auðvelt að finna samhljóm með stefnu skólans og stefnu sveitarfélagsins.

Menntastefna Fljótsdalshéraðs 2008- 2027 er samþykkt í bæjarstjórn 2008. Þar setur sveitarfélagið sér eftirfarandi framtíðarsýn: „Sveitarfélagið Fljótsdalshérað er öflug miðstöð fjölbreyttrar þekkingar og menntunar sem skilar samkeppnishæfum einstaklingum með sterka sjálfsmynd og ríka félagsfærni“.⁵ Einnig er kveðið á um í stefnunni að hlúa skuli að skóla margbreytileikans og að skólastarfið laði að sér vel menntað og metnaðarfullt starfsfólk.

Fljótsdalshérað hefur unnið fimm ára rekstraráætlun og samþykkt hana í bæjarstjórn. Fellaskóli hefur sem ein af rekstrareiningum sveitarfélagsins lagt fram rekstraráætlun til sama tíma. Í áætluninni kemur fram að aðhalds skal gætt í rekstri skólans vegna ytri aðstæðna. Lögð er áhersla á að fjárhagsáætlanagerðir séu raunsæjar með það að markmiði að þær standist, verði ekki um meiri niðurskurð að ræða. Getið er um að á þessu skólaári standi yfir umbætur í eldhúsi sem nýtast muni heimilisfræðikennslu og umsýslu vegna skólamáltíða. Fram kemur einnig í áætluninni að bæta þurfi tölvukost skólans. Að lokum er kveðið á um að þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður að í innra starfi Fellaskóla verði reynt að byggja á og varðveita „lifandi“ starfsemi og sérstaklega þá viðburði sem markað hafa skólanum sérstöðu.

⁴ Skólastefna Fellaskóla, 2009.

⁵ Menntastefna Fljótsdalshéraðs, 2008.

Það var samhljóða álit viðmælenda skýrsluhöfunda að lýðræðislegra vinnubragða gætti í öllu starfi Fellaskóla. Í starfi með nemendum væri tekið tillit til skoðana þeirra hvað varðar nám þeirra í skólastofunni og einnig í frjálsum starfi. Starfsandinn og skólareglurnar eru góður grunnur fyrir meðferð mála hvort sem um er að ræða erfiðari úrlausnarefni eða dægurmál sem léttari eru á bárunni. Skólastjóri undirbýr mál og unnið er með þau eftir lýðræðislegum leiðum. Það er auðvelt að koma tillögum er varða skólastarfið á dagskrá og eru hugmyndir ræddar og afgreiddar.

Jafnréttisáætlun er til á Fljótsdalshéraði og var hún samþykkt í sveitarstjórn 3. júní 2009 en jafnréttisáætlun hefur ekki verði unnin fyrir Fellaskóla. Viðmælendur skýrsluhöfunda sögðust halda að jafnréttis væri gætt í starfi Fellaskóla þó svo að jafnréttisáætlun væri ekki til skrifuð. Máli sínu til stuðnings bentu þeir á stefnuskrá skólans og skólareglur. Engu að síður benda skýrsluhöfundar á að vinna þarf jafnréttisáætlun fyrir Fellaskóla: „Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla“, nr. 10/2008, gera ráð fyrir því að jafnréttisáætlanir séu gerðar fyrir allar stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn. Skýrsluhöfundar benda á þá leið við gerð jafnréttisáætlunar að lögin heimila að samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu viðkomandi stofnunar.

Rekstur og stjórnun

Í gildandi grunnskólalögum nr. 91 2008 er kveðið á um að rekstur grunnskóla sé á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga og í 6. grein sömu laga segir: „Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni“.⁶ Fræðslunefnd Fljótsdalshéraðs fer með málefni grunnskólanna í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar. Nefndina skipa 5 manns og formaður nefndarinnar er Gunnhildur Ingvarsdóttir en starfsmaður nefndarinnar er Helga Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli vera skólastjóri sem er forstöðumaður skólans, stjórnar honum og veitir faglega forystu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Hann gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskólanum með tilliti til þarfa skólans. Skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðgengill skólastjóra. Áður hefur verið getið um Sverri Gestsson skólastjóra en aðstoðarskólastjóri er Jón Gunnar Axelsson og deildarstjóri er Ásta María Hjaltadóttir í 30% stjórnunarhlutfalli v/sérkennslu.

Skipurit skólans er ekki til en verkaskipting stjórnenda liggur fyrir og virðist hún vera skýr og tæmandi. Meðstjórnendur skólastjóra tjáðu skýrsluhöfundum að þeir vissu fullkomlega til hvers væri ætlast af þeim í sínu starfi. Viðmælendur skýrsluhöfunda úr rýnihópum voru sammála um að verkaskipting stjórnenda væri skýr og að það vefðist ekki fyrir þeim til hverra ætti að leita hverju sinni.

Samkvæmt gildandi lögum um grunnskóla er kveðið á um að skólaráð skuli starfa við hvern grunnskóla. Fyrsti fundur í Skólaráði Fellaskóla var haldinn í Fellaskóla mánudaginn 21. september 2009. Skólaráðið er skipað 9 fulltrúum eins og lög segja til um. Fulltrúar ráðsins eru kosnir á lýðræðislegan hátt og fulltrúi nærsamfélags í skólaráði Fellaskóla er skólastjóri leikskólans Hádegishöfða.

Lýsing á verkefnum skólaráðs liggur ekki fyrir en á öðrum fundi ráðsins 12.10 2009 var hlutverk skólaráðs rætt og hugað að því hvernig ráðið nýttist skólastarfinu sem best. Ekki koma fram í fundargerð fundarins niðurstöður þeirrar umræðu.

Skólaráðið hefur fundað reglulega frá stofnun þess, fjórir fundir skólaárið 2009-2010 og fjórir fundir á þessu skólaári. Tekin hafa verið fyrir mörg mál og afstaða til margra mála liggur fyrir í fundargerðum skólaráðs sem eru á heimasíðu Fellaskóla. Skýrsluhöfundar benda á að í „Reglugerð um skólaráð við grunnskóla“ nr. 1157, segir að: „Skólaráð skal setja sér starfsáætlun til eins skólaárs í senn, m.a. um tíðni funda, boðun þeirra og

⁶ Lög um grunnskóla, nr. 91/2008

undirbúning“⁷ Gagnlegt væri fyrir skólastarfið að hafa starfsáætlun fyrir skólaráð til eins árs og birta á heimasíðu eins og reglur nr. 1157 gerir ráð fyrir. Einnig er ástæða til að fella skólaráðið að skipuriti skólans verði skipurit fyrir Fellaskóla gert.

Lög og reglugerðir

Ekki verður séð að ný grunnskólalög og reglugerðir hafi haft áhrif á faglegt starf Fellaskóla og það sama má segja að mestu um ytri umgjörð skólans. Unnið er í að taka upp þau nýmæli sem lög um grunnskóla nr. 91 2008 kveða á um svo sem skólaráð og fella þau að starfi skólans. Skólinn vinnur varfærnislega með nýjar reglugerðir og fellir þær að starfi skólans og skólastefnunni sem í mörgu er í anda nýrra grunnskólalaga. Ekki er nein vinna í gangi í starfsmannahópnunum þar sem farið er skipulega í að rýna ný lög og reglugerðir og taka upp nýmæli og fella að skólastarfinu.

Fljótshálfshérað stendur illa fjárhagslega í kjölfar hrunsins. Það er niðurskurður á öllum sviðum og hafa rekstrareiningar sveitarfélagsins fengið tilmæli og eða fyrirskipanir um að spara og draga úr rekstrarkostnaði á því nær öllum sviðum. Hjá skólastjóra kom fram að Fellaskóli stendur heldur betur að vígi en aðrir skólar héraðsins þar sem aðhalds hefur verið gætt í rekstri skólans í langan tíma. Í starfsmannaviðtölum sem tekin voru heldur fyrr en venjulega setti skólastjóri fram ósk um að starfsfólk skólans setti fram tillögu um óskastöðuhlutfall og hins vegar æskilegt stöðuhlutfall. Skólastjóri vonast til að þessi aðferð skili þeim árangri að ekki þurfi að grípa til þeirra úrræða að segja upp fólki heldur nái hann fram nægum sparnaði á launalið skólans í sátt við starfsfólkið. Hvað varðar annan sparnað í rekstri þá er samstaða um það með starfsfólki skólans um að gæta aðhalds í öllum rekstrarútgjöldum. Jafnframt vonast starfsfólk Fellaskóla til að fá að njóta þess að hafa ekki tekið þátt í hrunadansinum fyrir hrúnið.

Ytri tengsl

Í viðtölum sem skýrsluhöfundar áttu við hagsmunaaðila kom fram að Fellaskóli nýtur almenns velvilja í sveitarfélaginu. Almenn er Fellaskóli talinn góður skóli og sögðust viðmælendur treysta sér til að mæla með skólanum. Við Fellaskóla er öflugt foreldrafélag sem styður vel við skólastarfið. Aðalverkefni foreldrafélagsins á þessu skólaári er að styðja skólann í því að efla útikenntu í skólanum m.a. með áhaldakaupum til útikenntunnar.

Eins og fyrr er getið í skýrslunni hafa foreldrar í sveitarfélaginu Fljótshálfshéraði frjálst sveigjanlegt val um skóla fyrir börn óháð skólahéruðum hvers skóla fyrir sig. Það segir mikið um stöðu Fellaskóla í sveitarfélaginu að liðlega 20% nemenda skólans koma úr öðrum skólahverfum eða liðlega 20 nemendur en 5 nemendur úr skólahverfi Fellaskóla stunda nám í öðrum skólum.

Töluvert samstarf er milli Fellaskóla og leikskólans Hádegishöfða sem ekki verður rakið frekar. Til að styrkja tengsl skólanna sem mest var ákveðið að fulltrúi nærsamfélagsins í skólaráði Fellaskóla væri skólastjóri leikskólans.

Tónlistarskóli Fellabæjar er til húsa í Fellaskóla og hefur svo verið síðastliðin 12 ár. Mikið og náið samstarf er milli skólanna sem hefur mótandi áhrif á hvora stofnunina fyrir sig. Samstarfið við Tónlistarskólann er tvímælalaust mikill styrkur fyrir starfið í Fellaskóla en kjarni samstarfsins er tónlistarnám nemenda auk samstarfsverkefna skólanna frá ári til árs. Skólastjóri Tónlistarskólans annast tónmenntakennslu í 1.- 7. bekk Fellaskóla. Nemendur Fellaskóla geta með samþykki foreldra stundað tónlistarnám í Tónlistarskólanum á skólatíma kjósi þeir það.

Samstarf er um að nemendur í Fellaskóla geti tekið framhaldsskólaáfangu í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Starfsfræðsla hjá nemendum 8. – 10. bekkjar fer fram í samstarfi við atvinnufyrirtæki í héraði. Einnig er mjög góð samvinna um starfsnám þar sem nemendur geta sótt hluta námsins í ákveðnum fyrirtækjum.

⁷ Reglugerð um skólaráð við grunnskóla, nr. 1157/2008

Starfsandi og skólabragur

Það var notalega heimilislegt að koma inn í Fellaskóla sem er hefðbundinn liðlega 100 barna skóli í sveit sem byggir á eigin gildum. Glöðværð ríkir meðal nemenda og starfsfólks og skóladagurinn rennur hjá án háværra fyrirskipana og óparfa afskiptasemi.

Í skólanum er unnið metnaðarfullt starf sem byggir á því að vera trúr þeirri köllun að rækta akurinn í anda sáðmannsins: „*því hollur er heimaþinginn baggi*“⁸, fremur en að bera störf sín á torg og berja sér á brjóst og auglýsa ágæti sitt svo sem tollheimtumaðurinn forðum.

Skýrsluhöfundar taka í mörgu undir með starfsfólki Fellaskóla að það er full þörf á að fara varlega þegar um stefnur og strauma í skólamálum er að ræða. Ekki er alltaf víst að nýjungar passi þó svo að vel hafi gefist annars staðar. Metnaðarfullur og framsækin skóli þarf eigi að síður að vera tilbúinn í að skoða nýjar og framsæknar leiðir í skólamálum, máta við eigið starf og gera umbótaáætlanir áður en ráðist er í breytingar. Einnig að þróa og móta hugmyndir og síðan að leggja mat á verkefnið og gefa út hvernig til hafi tekist.

Viðmælendur skýrsluhöfunda sögðu að fullt frelsi væri hjá kennurum að skoða nýjar leiðir í kennslumálum og fella að kennsluháttum Fellaskóla litist þeim vel á þær. Skýrsluhöfundar telja að stjórnendur og kennarar fylgist vel með þróun skólamála þó svo að haldið sé fast í gömul og góð gildi skólans.

Allir viðmælendur voru beðnir um að lýsa skólanum í einni setningu og heyrðust þá setningar eins og vinalegur skóli, krúttlegur. Gott andrúmsloft, mjög afslappað. Frjállegt og opið samfélag í skólanum og mjög gott að koma. Heimilislegt andrúmsloft, starfsfólk mjög tilbúið að ganga í þau verk sem þarf að gera, gert á heimilislegan hátt. Mikill metnaður í faglegu starfi, hann fer hins vegar ekki mjög hátt. Nemandinn er klárlega í brennidepli og skólastarfið sveigist í kringum nemandann til þess að tryggja velferð hans sem besta.

Aðbúnaður

Nokkuð vel er búið að Fellaskóla í húsnæði og hafa skýrsluhöfundar tilfinningu fyrir því að með smá lagfæringu væru húsnæðismálin í góðu lagi fyrir þann fjölda nemenda sem í skólanum er í dag.

Aðstaða fyrir tölvukennslu þyrfti að vera betri bæði hvað varðar tækibúnað og aðstöðu. Ástæða er til að úr því verði bætt svo fljótt sem aðstæður leyfa.

Á þessu skólaári er verið að lagfæra mötuneytiseldhús sem einnig er nýtt fyrir heimilisfræðikennslu. Matur fyrir Fellaskóla er eldaður í Egilsstaðaskóla og er hann borinn fram í mötuneyti Fellaskóla. Morgunhressing nemenda er hins vegar útbúin í Fellaskóla. Um tveir þriðju hlutar nemenda eru skráðir í morgunhressingu og hádegismat. Kostnaður við hádegismat er 425 krónur á dag og ávaxtanesti kostar 900 kr. á mánuði. Matsalur Fellaskóla er bjartur og rúmgóður fjölnotasalur.

Öryggisáætlun er til og hefur verið send fasteigna- og þjónustunefnd eins og lög gera ráð fyrir. Viðbragðsáætlun við eldsvoða og annarri vá er til staðar og fara æfingar reglulega fram. Skólastjóri er öryggisvörður í Fellaskóla en öryggistrúnaðarmaður er smíðakennari skólans. Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður hafa ekki sótt námskeið sem tilheyra hlutverki/verkefni þeirra.

Samantekt og mat

Fellaskóli er grunnskóli með liðlega 100 nemendum í 1.- 10. bekk og er einn fjögurra grunnskóla í Fljótsdalshéraði. Einkunnarorð skólans eru: „*Mennt er máttur ...ef þú ert sáttur*“ og verða þau til í samræðum milli skólastjóra og fyrrum nemanda þar sem skólastjórinn segir við nemandann: „*mennt er máttur*„ og nemandinn svarar að bragði: „*ef þú ert sáttur*“. Einkunnarorðin móta mjög viðhorf starfsfólks skólans til nemenda auk þess að vera leiðandi í skólastarfinu frá degi til dags.

⁸ Gamalt máltæki

Nokkur atriði til áréttingar:

1. Skýrsluhöfundar eru sammála um að stjórnendur og kennarar fylgist vel með þróun skólamála þó svo að haldið sé fast í gömul og góð gildi skólans.
2. Að mati skýrsluhöfunda væri það mikill styrkur fyrir skólastarfið að taka upp skipulagðari vinnubrögð í að móta hugmyndir/verkefni og leggja síðan mat á verkefnið og gefa út hvernig til hafi tekist hverju sinni.
3. Það er mat skýrsluhöfunda að stjórnun skólans er lýðræðisleg og að lýðræðislegra vinnubragða gæti í öllu starfi skólans.
4. Skýrsluhöfundar benda á að vinna þarf jafnréttisáætlun fyrir Fellaskóla. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, gera ráð fyrir því að jafnréttisáætlanir séu gerðar fyrir allar stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn. Skýrsluhöfundar benda á þá leið að lögin heimila að samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu viðkomandi stofnunar.
5. Skipurit er ekki til fyrir Fellaskóla. Það er mat skýrsluhöfunda að það styrki stöðu skólastarfsins að vinna skipurit fyrir skólann þar sem fram komi stjórnunaruppbygging hans og tenging við hagsmunaaðila.
6. Skýrsluhöfundar benda á að á hverju ári þurfi skólaráð að setja sér verklýsingu til eins skólaárs í senn, eins og „Reglugerð um skólaráð við grunnskóla“ nr. 1157, gerir ráð fyrir og birta hana á heimasíðu skólans. Einnig þarf að finna skólaráði stað í skipuriti skólans.
7. Það er mat skýrsluhöfunda að aðstöðu fyrir tölvukennslu þurfi að bæta, þá sérstaklega hvað varðar tæknibúnað.

Skólanámskrá

Í gildandi grunnskólalögum er grunnskólum gert að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun og er skólastjóri gerður ábyrgur fyrir gerð þeirra og skulu þær unnar í samráði við kennara:

- Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.
- Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaeyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.
- Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafa staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Mynd 3: Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 29. grein

Skólanámskrá Fellaskóla var síðast gefin út í rituðu formi haustið 2006, en með tilkomu heimasíðu hafa þær upplýsingar sem skólanámskráin hefur að geyma verið birtar á heimasíðunni og hætt er að prenta skólanámskrána út á hverju ári. Skólastjóri vinnur að því að flokka upplýsingarnar á heimasíðunni í skólanámskrá annars vegar og starfsáætlun hins vegar. Á heimasíðunni er að finna upplýsingar um flesta þá þætti sem koma fram í útgefinni skólanámskrá en birtingarformið eins og það er nú um miðjan maí uppfyllir ekki fyllilega þau viðmið sem sett eru fram í núgildandi grunnskólalögum um skólanámskrá og starfsáætlun skóla.

Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla, 2011 er að finna lista yfir þá þætti sem skólanámskrá á að innihalda annars vegar og hins vegar það sem á að vera í starfsáætlun og benda skýrsluhöfundar skólastjórnendum á að hafa þessa lista til viðmiðunar við uppsetningu þessara upplýsinga.

Á heimasíðu skólans er að finna bekkjanámskrá 2010–2011, bekkjanámskráin inniheldur stuttar lýsingar á viðfangsefnum hvers árgangs í hverri grein, meðal annars kennslufyrirkomulagi, matsaðferðum, námsefni þar sem það á við og hver kennir. Hjá viðmælendum í hópi kennara kom fram að hver kennari ber ábyrgð á sínum hluta bekkjanámskrár. Skólastefna og almennur hluti skólanámskrár var unninn þannig að skólastjóri setti fram ákveðnar tillögur sem síðan var fjallað um á fundum. Sumir þættir námskrárinnar eru endurskoðaðir árlega svo sem eineltisáætlun, aðrir þættir sjaldnar.

Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags

Í skólanámskrá Fellaskóla 2006 - 2007 kemur fram að starfsemi skólans miði að því að miðla til nemenda almennt viðurkenndri þekkingu og aðferðum til þekkingaröflunar.

Í skólanámskránni er minnst á aðalnámskrá grunnskóla sem leiðarvísi og fyrirmynd um hvernig byggja skal upp skólastarf. Í skólanámskránni er sett fram stefna skólans auk upplýsinga um skólastarfið, félagsstarf, foreldradaga, foreldra- og kennarafundi, skólareglur, skóladagatal og ýmislegt er varðar hið daglega starf skólans. Meginuppistaða

skólanámskrárinnar eru svo bekkjar námskrárnar sem innihalda eins og áður segir lýsingar á viðfangsefnum nemenda, kennslufyrirkomulagi, matsaðferðum og námsefni.

Í menntastefnu Fljótsdalshéraðs er lögð áhersla á: „að skapandi nám fái aukið vægi og verði búin bætt skilyrði þar sem þarf“.⁹ Í skólanámskrá Fellaskóla kemur fram að mikilvægt sé: „að nemendur fái tækifæri til að þjálfa sköpunargáfu sína hvort heldur hún er huglæg eða verkleg“.¹⁰

Sérstakar áherslur skólans

„Í Fellaskóla er leitast við að hafa jafnvægi á milli þess að halda í hefðir í skólastarfinu og að stuðla að nýbreytni. Markmið okkar er að Fellaskóli sé lærdómsstofnun, þar sem allir, jafnt nemendur sem starfsfólk stundi nám“.¹¹ Sérstök áhersla er á að: „taka á hverju úrlausnarefni eins og það kemur fyrir – þegar það kemur fyrir“.¹² Reglur eru fáar og ekkert punktakerfi er í skólanum og í skólastefnunni kemur fram að: „engin regla gildir alltaf og eins gagnvart öllum. Nemendur (og starfsfólk) eru mismunandi og nemendur þurfa mismunandi aðhald. Það sem hentar einum getur verið eitru í beinum annars“.¹³

Áhersla er á að allir læri í skólanum jafnt nemendur sem starfsfólk. Að mati viðmælenda í hópi foreldra felst sérstaða skólans m.a. í miklu samstarfi Tónlistarskólans og Fellaskóla, nemendur í Tónlistarskólanum geta lokið tónlistarnámi á skólatíma. Tónlistarkennslan var nefnd sem einn af styrkleikum skólans. Einnig nefndu foreldrar samkenzluna sem einkenni á skólastarfinu.

Aðrar áherslur

Fellaskóli leitast við að styðja við bakið á nemendum sínum og efla þá með því að leggja ekki aðeins áherslu á bóknám heldur einnig aðra þætti sem geta byggt nemendur upp. Hjá viðmælendum í hópi kennara kom fram að þeir reyna að nálgast nemendur í gegnum áhugasvið þeirra og nefndu þeir stýrt val sem algenga leið til þess að auka lýðræði í kennslustofunni.

Hjá viðmælendum í hópi fræðslufyrirvalda kom fram að þeim fyndist Fellaskóli leitast við að finna heimatilbúnað lausnir og setja fram sína eigin stefnu. Nefnd voru dæmi um eineltisáætlun sem er heimatilbúin en ekki farið inn í Olweusaráætlun sem er í öðrum skólum á Héraði. Að þeirra mati skapar stærð skólans honum sérstöðu að einhverju leyti.

Kennsla

Um kennsluna segir í skólastefnu Fellaskóla:

- Við viljum að áherslan í bóknámi færist frá því að nemendur innbyrði eins mikið magn þekkingar og hægt er yfir í að þeir læri að læra. Fellaskóli leitast við að styðja við bakið á nemendum sínum og efla þá með því að leggja ekki aðeins áherslu á bóknám heldur einnig aðra þætti sem geta byggt nemendur upp.

Mynd 4: Úr skólastefnu Fellaskóla, 2010.

Í skólanámskrá kemur einnig fram að í skólanum er: „samkensla sem felst í því að tveimur árgöngum er stundum kennt samtímis. Það krefst annarra vinnubragða og öðruvísi skipulagningar af hálfu kennara og að nokkru leyti annars námsefnis en árgangakennsla“.¹⁴ Aldursblandað er í námshópa þegar fjöldi nemenda er of lítill til þess að skipta árgöngum upp í bekkjardeildir.

⁹ Menntastefna Fljótsdalshéraðs, 2008.

¹⁰ Skólanámskrá Fellaskóla, 2006 – 2007.

¹¹ Skólanámskrá Fellaskóla, 2006 – 2007.

¹² Skólastefna Fellaskóla, 2009.

¹³ Skólastefna Fellaskóla, 2009.

¹⁴ Skólanámskrá Fellaskóla 2006 – 2007.

Engin lýsing er á samstarfi kennara í skólanámskránni. Hjá skólastjóra kom fram að samstarfsfundir eru tvisvar í viku, kennarafundir eru einu sinni í viku og Akurfundir að jafnaði einu sinni í viku. Á Akurfundi mæta fyrst og fremst kennarar en allir starfsmenn eru velkomnir á Akurfundi. Stundum eru teknar fyrir greinar sem tengjast kennslunni, þau fá heimsóknir frá fólki sem tengist skólastarfi og stundum fer starfsfólk Akurskóla í heimsóknir. Auglýst er eftir tillögum frá fólki um hvað það vill gera eða taka fyrir. Á Akurfundum er lagt upp með fræðslu og síðan umræður út frá fræðslu. Að sögn skólastjóra er lögð áhersla á að fundirnir eru samstarfsfundir.

Skýrsluhöfundar fengu þá mynd af skólanum að skipulagt samstarf kennara um kennsluna væri lítið og hver kennari ber einn ábyrgð á þeim hópi sem hann kennir í hverju tilfelli fyrir sig. En andi skólastefnunnar svífur yfir vötnum og hjá skólastjóra kom fram að hann leggur mikið upp úr því að reynt sé að koma til móts við einstaklinga þannig að það takist að láta nemendur spila úr þeim hæfileikum sem þeir hafa. Markmiðið væri að taka vel á móti einstaklingum og leyfa hverjum og einum að njóta sýn á eigin forsendum.

Hjá viðmælendum í hópi kennara kom fram að reynt er að leggja áherslu á að gera nemendur sjálfstæða í vinnubrögðum og að bera ábyrgð á ákveðnum þáttum verkferla. Einnig nefndu viðmælendur áherslu á skipulag og sjálfsbjargarviðleitni nemenda. Árstíðir eru nýttar þar sem farið er út á vorin, valtið nýttir til að fara út.

Mikil áhersla er lögð á lestur í skólanum. Í skólanámskrá er sérstakur kafli um lestur og lestrarfærni, þar eru listaðir upp þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar lestrarkennslu og mati á lestri. Tvisvar á skólaári er skólastarfið brotið upp og vikur tileinkaðar læsi og lestri í alls konar mynd. Þessar vikur er lögð aukin áhersla á lesskilning og aukinn lestrarhraða nemenda.

Skólanámskráin endar á eftirfarandi skilgreiningu á sérkennslu: „*Sérkennsla er stuðningur við nemendur sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings um lengri tíma, jafnvel alla skólagönguna*“.¹⁵ Hjá viðmælendum kom fram að um það bil 25 % nemenda skólans fá þjónustu sérkennara. Nemendur fá kennslu hjá sérkennara allt að 4 kennslustundum á viku, að öðru leyti er unnið með nemendur inni í bekk. Algengast er að nemendur séu teknir út í lestrarþjálfun. Sérkennari fundar með umsjónarkennurum, ráðleggur um námsefni og skipulag á kennslusvæði. Einstaklingsnámskrár eru gerðar í samráði við umsjónarkennara.

Viðmælendur í hópi foreldra lýstu yfir ánægju með kennslu og kennsluhætti í skólanum. Að þeirra mati er kennslan eins misjöfn eins og kennararnir eru margir, þ.e.a.s. kennararnir fara mjög ólíkar leiðir sem einstaklingar í kennslunni og hafa frelsi til þess. Einnig kom fram hjá foreldrunum að oft er skólastarfið brotið upp með þemastarfi þar sem aldursblandað er í hópa óháð annarri kennslu. Viðmælendur lýstu yfir ánægju sinni með þetta fyrirkomulag og vildu líta á uppbrot af þessu tagi sem styrkleika í skólastarfinu. Foreldrar lýstu yfir ánægju með útikennslu sem er ný í vetur og að þeirra mati er verkgreinakennslan fjölbreytt. Bent var á að ekki er kenndur dans við skólann.

Tengsl skólastiga

Á heimasíðu skólans er að finna greinargóða lýsingu á samstarfi Fellaskóla og leikskólans Hádegishöfða, um samstarfið segir m.a. á heimasíðunni:

- Byggt er á fyrri reynslu sem hefur gefist vel, þannig að fyrst hittast nemendur undir mjög frjálsum kringumstæðum, það er í haustferð. Síðan koma nemendur til með að hittast með umsjónarkennara og nemendum 1. bekkjar en smám saman færast heimsóknirnar út um skólann og nemendur kynnast öðrum stöðum og öðru starfsfólki, þannig að viss stígandi verði í heimsóknunum. Að sama skapi er gert ráð fyrir stíganda í innihaldi heimsóknanna, það er þeim verkefnum sem fengist er við hverju sinni.

Mynd 5: Um samstarf Fellaskóla og Hádegishöfða veturinn 2010 – 2011.

¹⁵ Skólanámskrá Fellaskóla 2006 – 2007.

Skipulag þessa samstarfs er metnaðarfullt og hafa skapast hefðir í skólastarfi beggja stofnana þessu samfara. Ein þessara hefða er að elstu nemendur leikskólans taka á hverju ári þátt í skólasetningu Fellaskóla þar sem farið er saman út í náttúruna.

Engar upplýsingar er að finna í skólanámskrá eða á heimasíðu skólans um samstarf við framhaldsskóla í héraðinu. En hjá skólastjóra kom fram að nemendur Fellaskóla hafa haft tækifæri til þess að hefja nám á framhaldsskólastigi í 10. bekk grunnskólans. Í vetur eru tveir nemendur úr 7. og 9. bekk í frönskunámi en enginn nemandi úr 10. bekk stundar nám í Menntaskólanum á Egilsstöðum í vetur..

Námsmat

Í gildandi grunnskólalögum 27. grein um námsmat segir:

- Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Nánari ákvæði um námsmat skulu sett fram í aðalnámskrá grunnskóla

Mynd 6: Lög um grunnskóla nr.91/2008, 27. grein.

Hver skóli útfærir í skólanámskrá þau atriði sem endurspeglast eiga í námsmati. Í drögum að aðalnámskrá grunnskóla¹⁶ kemur fram að hver skóli skal í skólanámskrá gera grein fyrir námsmatsreglum og vitnisburðakerfi, þannig að öllum sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar. Einnig á að gera grein fyrir hvernig skólinn hyggst mæla eða meta hvort kröfur eru uppfylltar og hvers konar vitnisburðarkerfi eða einkunnakvarði er notaður.

Um námsmat í Fellaskóla segir á heimasíðu skólans:

- Námsmat byggist á því að meta vinnu og frammistöðu nemandans jafnt og þétt (símat) og með könnunum og prófum sem fram fara í kennslustundum og lok annar.
- Þrisvar á skólaárinu fá nemendur formlegan vitnisburð um námsframmistöðu sína, þ.e. í nóvember, febrúar og við skólaslit í byrjun júní. Skólaárið 2010-2011 eru engir formlegir prófadagar. Í vetur verður áfram unnið að því að færa námsmat enn frekar frá hefðbundnum prófum yfir í aðrar tegundir námsmats.
- 23. og 24. september verða samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk til að kanna kunnáttu í stærðfræði og íslensku. Samræmd könnunarpróf í 10. bekk í íslensku, stærðfræði og ensku verða 20.-22. september.
- Reynt er að láta samræmd könnunarpróf ekki stýra kennslunni of mikið. Í 4. bekk eru nemendur látnir taka slíkt próf í aðdraganda prófanna, því samræmd próf eru mun lengri og viðameiri en þau próf sem nemendur hafa tekið fram að því. Sama er gert í 7. bekk.

Mynd 7: Um námsmat á heimasíðu Fellaskóla, 2010.

Á heimasíðu skólans er einnig að finna viðmið sem notuð eru við mat á lestrarfærni nemenda. Hjá skólastjórnendum kom fram að umræða um námsmat fer fram í kennarahópnum á hverju ári. Reynt er að vera með mælingar sem endurspegla getu hvers og eins. Notaðar eru umsagnir á yngri stigi og tölustafir og bókstafir notaðir sem mælikvarðar hjá eldri nemendum. Misjafnt er eftir námsgreinum hvað stendur á bak við umsagnir eða einkunnir nemenda, upplýsingar um það eru í námslýsingum í bekkjanámskrám. Áherslan hefur verið að færast frá einu stóru prófi yfir í símat, engir formlegir prófadagar eru í skólanum í vetur.

Ef skoðaðar eru niðurstöður samsræmdra prófa má sjá að árangur Fellaskóla er nokkuð undir meðaltali á landinu í 4. bekk þegar horft er til normaldreifðra einkunna

¹⁶ Drög að aðalnámskrá grunnskóla, 2010.

síðastliðin 6 ár (Tafla 3). Normaldreifðar einkunnir eru á skalanum 0-60 og landsmeðaltal því 30, ef fjöldi nemenda sem þreytir prófið nær ekki 10 eru ekki birtar normaldreifðar einkunnir hóps. Sama gildir um ensku í 10. bekk, en tafla 4 sýnir árangur nemenda Fellaskóla í ensku síðastliðin 6 ár.

Tafla 3: Árangur Fellaskóla á samræmdum prófum í 4. bekk 2005-2010¹⁷

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Öll árin
Íslenska	28,1	*	26,8	*	*	25,6 (29,9)	28,3
Stærðfr.	25,6	*	25,7	*	*	23,0 (29,1)	26,3

Tafla 4: Árangur Fellaskóla á samræmdum prófum í ensku í 10. bekk 2005 - 2010

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Öll árin
Enska	34,1	26,5	25,8	28,3	*	*	27,5

Auk normaldreifðar einkunnar reiknar Námsmatsstofnun framfarastuðul út frá einkunnum nemenda á tveimur samræmdum prófum. Honum er ætlað að gefa vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því er árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum, milli 4. og 7. bekkjar og 7. og 10. bekkjar. Framfarastuðullinn 0,99 – 1,01 þýðir venjulegar framfarir. Stuðullinn þar fyrir neðan merkir litlar framfarir eða jafnvel að viðkomandi dregst aftur úr, en stuðlar ofan við 1,01 merkja framfarir í hærri kanti eða miklar framfarir.¹⁸

Tafla 5: Framfarastuðlar og normaldreifðar einkunnir Fellaskóla í íslensku og stærðfræði í 7. og 10. bekk 2005 – 2010.

Fellaskóli									
	Ísl. 7. bekk		Stærðfr. 7. bekk		Ísl. 10. bekk		Stærðfr. 10. bekk		
Ár	Fr.st.	Norm	Fr.st.	Norm	Fr.st.	Norm	Fr.st.	Norm	
2005	*	*	*	*	*	34,3	*	35,5	
2006	*	*	*	*	*	24,6	*	*	
2007	*	*	*	*	*	28,1	*	27,8	
2008	*	26,6	*	27,9	*	28,6	*	*	
2009	*	29,0	*	29,5	*	31,0	*	21,7	
2010	*	*	*	33,1	*	*	*	*	
Samtals	1,00	29,5	1,02	30,1	1,01	29,0	0,98	27,7	

Eins og sjá má í töflu 5 mælast nemendur rétt undir meðaltali í íslensku og stærðfræði í 10. bekk ásamt íslensku í 7. bekk en á meðaltali í stærðfræði í 7. bekk, þegar skoðuð eru 6 síðustu ár. Þegar horft er til framfarastuðuls má sjá að skólastarfið hefur á síðustu 6 árum skilað nemendum eðlilegum framförum í íslensku, framfarir milli 4. og 7. bekkjar mælast í hærri kanti í stærðfræði, aftur á móti mælast að meðaltali litlar framfarir í stærðfræði milli 7. og 10. bekkjar. Í fámennum skóla eins og Fellaskóli er geta komið fram miklar sveiflur milli ára, þar sem hver einstaklingur vegur mjög þungt í mælingum, því er varhugavert að draga ályktanir út frá niðurstöðum einstakra prófa.

¹⁷ Úr skýrslu um samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk 2010.

¹⁸ Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2010.

Í viðtölum við hagsmunaaðila komu fram dæmi um að niðurstöður námsmats væru notaðar til endurskipulagningar á kennslu. Hjá viðmælendum kom fram að það er á ábyrgð hvers kennara að huga að frekara skipulagi út frá niðurstöðum. Á heimasíðu kemur fram að: „reynt er að láta samræmd könnunarpróf ekki stýra kennslunni of mikið“.¹⁹ Þar kemur jafnframt fram að nemendur í 4. og 7. bekk eru látnir taka slík próf í aðdraganda prófanna.

Viðmælendur í hópi foreldra sögðust fá upplýsingar um stöðu skólans í samræmdum prófum á heimasíðu, þeir mundu ekki eftir breytingum á kennsluháttum eða því um líku í tengslum við slíkar niðurstöður.

Val í námi

Ekkert kemur fram í skólanámskrá eða á heimasíðu skólans um skipulag valgreina í 8. – 10. bekk utan lýsinga í bekkjanámskrá þessa skólaárs á fjórum valáföngum, heimilisfræði, smíðum, myndmennt og umferðarfræðslu. Í samtölum við hagsmunaaðila kom fram að elstu nemendur skólans fá 160 mínútur í val á viku sem þýðir að nokkuð langt er í land með að ná þeim markmiðum grunnskólalaganna að nemendur 8. 9. og 10. bekkjar eigi kost á vali um námsgreinar og námssvið í um þriðjung náms tímans og/eða ákvæðum Aðalnámskrár 2011 um að nemendum skuli gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið allt að fimm tungi náms tímans. Hjá viðmælendum kom fram áhugi á að auka samstarf grunnskólanna í héraði um meiri fjölbreytileika í vali.

Skólaþróun

Engin umfjöllun er um skólaþróun í skólanámskrá eða á heimasíðu Fellaskóla. Skólastjórnendur greindu skýrsluhöfundum frá nokkrum verkefnum sem unnin hafa verið á undanförunum skólaárum.

„Akurinn plægður“, samstarf kennara og jafningjafræðsla í Fellaskóla var þróunarverkefni þar sem meðal annars var tekið fyrir fyrirkomulag samstarfsfunda, núverandi fundaskipulag byggir á þeirri vinnu. Núverandi skipulag á samstarfi Fellaskóla og leikskólans Hádegishöfða byggir á þróunarverkefni sem unnið var í skólanum undir nafninu: „Aukið samstarf leikskóla og grunnskóla“. „Fjallið mitt“ er verkefni sem er tilraun til að koma til móts við nemendur sem finna sig ekki í hefðbundnu námi. Einnig nefndi skólastjóri vinnu á þemadögum sem dæmi um nýbreytnistarf. Allir kennarar eru með í öllu allan daginn, nemendum blandað saman á mismunandi hátt. Brotið er upp nokkrum sinnum á skólaárinu og allir nemendur skólans takast á við ákveðið þema.

Nokkrir vinnuhópar eru starfandi í skólanum í vetur, hver hópur vinnur að ákveðnu málefni, svo sem útikennsluhópur, umhverfishópur, lestrarhópur, þemadagahópur m.a. er unnið að þriggja ára áætlun um gönguleiðir. Fórnfýsi einkennir starfið að mati viðmælenda í hópi kennara og að þeirra mati er mikilvægast að þróa áfram útikennsluna í skólastarfinu.

Kennarar skólans hafa farið í þrjár náms- og kynnisferðir frá árinu 2005 til Glasgow, Barcelona og Winnipeg og Gimli í Kanada þar sem kennarar ferðuðust m.a. um slóðir Stephans G. Stephanssonar.

Um skólaþróun sögðu viðmælendur í hópi foreldra að í skólanum ríkti mikil festa og stöðugleiki í skólastarfinu og það ættu sér ekki stað neinar stökkbreytingar. Þeir töluðu um frelsi kennara til að prófa eitthvað í rölegheitum. Að þeirra mati ríkir í skólanum mikil viðleitni til að bæta skólastarfið. Aðspurðir nefndu foreldrar útikennsluna dæmi um það sem þeir vildu sjá þróa áfram í skólastarfinu og sjá hana tengjast bóklegu námi. Einnig töldu þeir mannræktarstefnu skólans mikilvæga.

Samantekt og mat

Þær upplýsingar sem birtar eru í skólanámskrá og á heimasíðu eru vel settar fram og greinagóðar, en nokkuð vantar á að þar séu til staðar upplýsingar um alla þætti skólastarfsins

¹⁹ Um námsmat á heimasíðu Fellaskóla.

sem lagt er til samkvæmt grunnskólalögum. Öflugt samstarf Fellaskóla við Leikskólann Hádegismóa og Tónlistarskóla Fellabæjar skapar skólanum sérstöðu í sveitarfélaginu svo eftir er tekið.

Nokkur atriði til áréttingar.

1. Huga þarf að birtingarformi skólanámskrár og starfsáætlunar samanber grunnskólalög og aðalnámskrá grunnskóla 2011 og bæta þarf inn umfjöllun um nokkra grunnþætti skólastarfsins.
2. Skýrsluhöfundar eru sammála um að val nemenda er veikur þáttur í skólastarfinu og eru skýrsluhöfundar sammála viðmælendum um að mikilvægt er að styrkja þennan þátt í samstarfi við aðra skóla í Fljótsdalshéraði. Einnig vilja höfundar árétt mikilvægi þess að nemendur hafi val um viðfangsefni og námsaðferðir innan skipulagðrar stundaskrár á öllum aldursstigum.
3. Í stefnu skólans er lögð áhersla á að einstaklingar eru ólíkir og mismunandi aðferðir henti hverjum einstaklingi. Skýrsluhöfundar eru sammála um að þessi stefna svífur yfir vötnum í skólanum hvað snertir agamál og umgengni við einstaklinga. Einnig kemur þessi stefna fram í miklu frelsi kennaranna í tengslum við skipulag kennslunnar og kennsluhætti.
4. Í skólanum er mörkuð skýr stefna um námsmat, með áherslu á símat.
5. Marka þarf stefnu og styrkja samstarf Fellaskóla við Menntaskólann á Egilsstöðum.
6. Miklar væntingar eru bundnar við útikennslu hjá viðmælendum skýrsluhöfunda. Mikilvægt er að marka stefnu hvað varðar útikennsluna.

Innra mat

Úr 36. gr. Laga um grunnskóla nr. 91/2008

- Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
- Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Mynd 8: Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 36. grein.

Fyrirkomulag og framkvæmd

Á heimasíðu skólans kemur fram að Fellaskóli hefur ekki enn uppfyllt kröfur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um innra mat á skólastarfi. Í vetur er unnið að því að gera bragarbót á þessum þætti eins og kemur fram á mynd 9.

- Í vetur vinnur matshópur Fellaskóla sem er skipaður Sverri skólastjóra og Jóni Gunnari aðstoðarskólastjóra að því að búa til viðurkennda matsáætlun og mun í vor skila skýrslu um áætlunina og þau atriði sem metin verða í vetur. Sú skýrsla verður birt hér og um leið og hún verður birt telst innra mat Fellaskóla vera fullnægjandi. Þessi vinna er unnin í samstarfi við fulltrúa frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem er skólum til aðstoðar við slíka vinnu.

Mynd 9: Um mat á skólastarfi af heimasíðu Fellaskóla.

Stjórnendur skólans hafa sett fram áætlun til 5 ára og þar kemur fram að viðfangsefni sjálfsmats 2010-2011 eru tvö:

- Nemendur t.d. líðan, þarfir, starfsandi og samstarf
- Samstarf heimila og skóla²⁰

Að sögn skólastjóra urðu þessir tveir flokkar fyrir valinu af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er til nokkuð af gögnum um þessa hluti og ber þar hæst niðurstöður úr Skólapúlsinum sem var meðal annars tekinn í notkun í skólanum til að hjálpa til við sjálfsmat. Hin ástæðan fyrir valinu á þessum tveimur flokkum er sú að töluverðar umræður hafa verið í Fellaskóla um heimanám og fyrirkomulag þess. „Við teljum að það passi vel innan þessara tveggja flokka og viljum að meginþunginn í sjálfsmati vetrarins snúist um heimanám“.

Ætlunin er að leggja sérstaka áherslu á að skoða heimanám í vetur með það að markmiði að komast að viðhorfum kennara, foreldra og nemenda. Í framhaldi af þeim niðurstöðum verður lögð fram tillaga að fyrirkomulagi heimavinnu í Fellaskóla. Þeirri tillögu er ætlað að taka mið af niðurstöðum vetrarins og gilda skólaárið 2011-2012 og endurskoða hana þá.

Skólinn hefur notað Skólapúlsinn sem mælitæki frá hausti 2008. Skólapúlsinn er vefkerfi þar sem aflað er upplýsinga um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Mánaðarlega svarar ákveðið úrtak nemenda úr 6. – 10. bekk spurningum rafrænt. Skólastjóri hefur aðgang að vefsvæði þar sem niðurstöður liggja fyrir að lokinni hverri mælingu þegar 80% úrtaksins hafa svarað. Þessar niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal. Þátttökuskólar í Skólapúlsinum innihalda tæplega helming allra grunnskólanemenda á landinu.²¹ Einnig eru lagðir fyrir spurningalistar á foreldradögum.

²⁰ Viðfangsefni Fellaskóla 2010 - 2011

²¹ Skólapúlsinn, 2011.

Tengsl við skólanámskrá og þátttakendur í mati

Í skólanámskránni er ekki að finna kafla um innra mat skólans. Í stefnu skólans er mikið lagt upp með líðan nemenda og mikilvægi þess að nálgast nemendur á þeirra forsendum. Viðfangsefni innra matsins á skólaárinu tengjast þessum stefnuþáttum.

Nemendur og foreldrar eru virkir þátttakendur í könnunum sem lagðar eru fyrir. Ekkert kemur fram í gögnum sem bendir til þess að fram fari formlegt mat á frammistöðu kennara í Fellaskóla.

Umbætur á grundvelli sjálfsmats

Hjá öllum viðmælendum kom fram sú skoðun að í skólanum ríkti mikil viðleitni til umbóta. Einhver orðaði það svo að það væri gríðarlegur vilji til að finna lausnir og þá alltaf nemendamiðaðar lausnir.

Viðmælendur í hópi foreldra nefndu nokkur dæmi um þætti í skólastarfinu sem hafa tekið breytingum í skólastarfinu í kjölfar kannana sem gerðar eru meðal foreldra: kynningarkvöld, maturinn, fyrirkomulag þemadaga.

Samantekt og mat

Kerfisbundið innra mat í Fellaskóla er að mati skýrsluhöfunda á byrjunarreit. Stjórnendur leiða matsferlið af stað og fá til þess aðstoð sérfræðinga frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Nokkur atriði til áréttingar.

1. Unnið er að skipulagi innramats og er mikilvægt að huga að lýsingu á innra mati í skólanámskrá. Einnig er mikilvægt að í starfsáætlun hvers skólaárs komi fram þær áherslur og áætlanir sem fyrirhugaðar eru í innra mati.
2. Birta þarf sjálfsmatsáætlun á heimasíðu skólans.
3. Vinna þarf sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun á grundvelli niðurstaðna úr innra mati. Skýrsluhöfundar vilja benda á að mikilvægt er að setja fram viðmið um árangur um leið og sett er fram umbótaáætlun. Í sjálfsmatsskýrslu eru gögnin svo greind og niðurstöður bornar saman við þau viðmið sem sett voru.
4. Einnig vilja skýrsluhöfundar benda á að ekki eru birtar niðurstöður úr öllum könnunum á heimasíðu skólans, en eiga að þeirra mati að birtast þar.

Kennarar og annað starfsfólk

Eftir að hafa heimsótt Fellaskóla tvisvar sinnum og vera þar heilan dag í hvert skipti verður ekki hjá því komist að sjá og skynja að Fellaskóli hefur á að skipa faglega hæfum einstaklingum og metnaðarfullum bæði í kennslu og til annarra starfa við skólann.

Starfsandi virðist góður meðal kennara og annars starfsfólks og samskipti við stjórnendur skólans virðast vera mjög góð. Það er lagt upp úr miklum sveigjanleika í skólastarfinu og eru skólastjórnendur mjög duglegir við að greiða úr málum ef eitthvað kemur upp á og enginn fer ósáttur heim svo vitnað sé í viðmælendur og þeir bæta við að mikið er lagt upp úr því að móta liðsheild og yfirleitt eru allir með.

Menntun og endurmenntun

Eins og fram kemur í töflu 2 fyrr í skýrslunni eru 16 kennarar starfandi að meðtöldum stjórnendum sem allir eru með leyfisbréf grunnskólakennara og einn er einnig með leyfisbréf á framhaldsskólastigi. Tveir stundakennarar eru við skólann og eru þeir með leyfisbréf grunnskólakennara. Einn leiðbeinandi er við skólann, stöðugildi 60% og kennir hann textílmennt.

Faglegur stuðningur við nýja kennara og leiðbeinendur sem eru að stíga sín fyrstu spor í kennarastarfinu felst í því að skólastjóri setur þá inn í starfið gefur holl ráð og tjáir þeim að hann er alltaf til staðar tilbúinn í að gefa góð ráð ef á þarf að halda. Auk þessa fá þeir leiðsagnarkennara fyrsta skólaárið en í því felst að þeir geta leitað til kennara með reynslu og þekkingu af skólastarfinu sem getur gefið góð ráð er varða kennslustarfið og einnig geta þeir leitað ráða við úrlausn mála.

Faglegur stuðningur við annað starfsfólk er fyrst og fremst í höndum skólastjóra sem leiðbeinir og gefur góð ráð.

Formleg endurmenntunaráætlun er ekki til við skólann en viðmælendur úr hópi kennara sögðu það vera auðsótt að komast á námskeið með því að leita til skólastjóra. Einnig sögðust þeir notfæra sér Vonarsjóð til að fjármagna námskeið.

Ef kennari fer á námskeið fylgir því nær undantekningarlítið sú kvöð að skýra frá námskeiðinu á Akurfundi. „Akurinn er heiti á samstarfi kennara og jafningjafræðslu í Fellaskóla. Þetta er þróunarverkefni sem Jarprúður Ólafsdóttir hrinti af stað á sínum tíma og hafði yfirumsjón með.“²²

Markmið verkefnisins eru að:

- stuðla að samstarfi kennara við skólann í þeim tilgangi að bæta kennslu og nám nemenda.
- efla faglegan metnað kennara og stjórnenda og styrkja faglega þekkingu þeirra.
- efla samkennd kennara.
- starfsfólk skólans læri í lærdómsstofnun.

Helstu viðfangsefni eru:

- Jafningjafræðsla: kennarar skiptast á um að fræða aðra um tiltekin efni sem þeir hafa sérþekkingu á.
- Leshringur: lesnar greinar er snúa að skólastarfi og umræður í framhaldinu.
- Samráðsfundir: kennarar sem kenna á sama aldurstigi bera saman bækur sínar.
- Jafningjastuðningur: kennarar skoða kennslu hver hjá öðrum með það fyrir augum að bæta kennsluna.

²² Starfsmannahandbók Fellaskóla 2009-2010

Að mati skýrsluhöfunda er Akurverkefnið mjög merkilegt grasrótarframtak í Fellaskóla sem almenn sátt virðist vera um jafnt meðal stjórnenda, kennara og starfsfólks. Verkefnið „Akurinn plægður“ bara nafnið eitt felur í sér dulúð og vísar til þess að kennsla er sáning, nemendur eru akurinn, þekking og menntun er uppskeran. Þar sem Akurinn er plægður verður til kraftur í sókn til menntunar og betra skólstarfs.

Að mati skýrsluhöfunda er full ástæða fyrir skólastjórnendur að gera endurmenntunaráætlun fyrir Fellaskóla í samstarfi við kennara og starfsfólk. Góð endurmenntunaráætlun getur verið mikilvirkt verkfæri í höndum stjórnenda við skólaþróun náist samstaða um innihald hennar með hagsmuni aðila og stefnu skólans að leiðarljósi.

Skipulag skólstarfs

Eins og áður segir var skólastefna Fellaskóla unnin á lýðræðislegan hátt. Viðmælendur allir sem einn sögðust kannast við stefnuna og sögðu hana vera lifandi og tillit tekið til hennar í skólstarfinu. Skólastefna Fellaskóla var síðast endurskoðuð á starfsmannafundi haustið 2009.

Viðmælendur skýrsluhöfunda eru sáttir með þær lagabreytingar þegar skólaráð er lögskipað í grunnskólum og kennara-, foreldra- og nemendaráð voru sameinuð í einu ráði skólaráði. Staðið var lýðræðislega að kosningu í skólaráðið eftir þeim hefðum sem myndast hafa við val á fólki í trúnaðarstöður í Fellaskóla. Fólk gefur kost á sér og síðan er kosið eftir því sem við á hverju sinni.

Viðmælendur skýrsluhöfunda voru sammála um að allir gætu haft áhrif ef þeir vildu. Aðgengi að skólastjóra er mjög gott og það er hlustað á starfsfólk. Einnig leita stjórnendur oft ráða hjá starfsfólki.

Í starfsmannahandbók Fellaskóla segir: „Skólastjórnendur bera ábyrgð á daglegum rekstri skólans, að unnið sé samkvæmt þeim markmiðum sem sett hafa verið og að tryggt sé að starfsemi skólans uppfylli þær kröfur sem skólayfirvöld gera til starfseminnar. Góð samvinna og öflugt upplýsingastreymi þarf að ríkja á milli stjórnenda og annarra starfsmanna.“²³

Námsárangur

Kennarar voru sammála um að almennur námsárangur í Fellaskóla væri fyllilega í meðaltali miðað við aðra grunnskóla í fjórðungnum og báru fyrir sig upplýsingar frá Menntaskólanum á Egilsstöðum. Einnig sögðu þeir að sömu aðilar fullyrtu að nemendur Fellaskóla væru mjög sterkir félagslega þegar reyndi á þá hlið í framhaldsskólanum.

Námsmat

Í Fellaskóla er skólaárinu skipt í þrjár annir og að lokinni hverri önn liggur fyrir námsmat. Þrisvar á skólaárinu eru foreldrar og nemendur kallaðir í viðtal um námsstöðu sína í lok fyrstu og annar annar auk skólaslita að lokinni vorönn: „Í vetur verður áfram unnið að því að færa námsmat enn frekar frá hefðbundnum prófum yfir í aðrar tegundir námsmats.“²⁴

Kennarar voru almennt ánægðir með símatið og sögðu að það væri mjög gott að vera laus við þá pressu sem prófadagar skapa. Kennarar höfðu ekkert út á fyrirkomulag samræmdra prófa að setja. Sögðu þeir að prófadagar samræmdra prófa væru einu formlegu prófadagarnir sem eftir væru í starfsáætlun Fellaskóla.

Innra mat

Kennarar eru virkir þátttakendur í innra mati skólans. Verið er að þróa Skólapúlsinn og búa til spurningar. Allar spurningar eru ræddar á kennarafundum og það sama á við um þá spurningalista sem undantekningalítið eru lagðir fyrir foreldra við annaskipti.

²³ Starfsmannahandbók Fellaskóla, stjórnun, 2009-2010

²⁴ Fellaskóli - námsmat 10.3. 2011

Umbótaáætlanir verða ekki alltaf til formlegar en það eru starfandi umbótahópar í skólanum sem byggja á hugmyndafræði Akurverkefnisins. Í umbótahópunum koma fram hugmyndir að nýjum verkefnum. Sem dæmi er útikennsluhópurinn sem nú vinnur af krafti við að koma útikennslu í starfsáætlun skólans m.a. í samvinnu við foreldrafélag Fellaskóla.

Á foreldradegi í Fellaskóla 28. október 2010 var lögð könnun fyrir foreldra um heimanám nemenda.

„Heimanám eða ekki heimanám. Það er spurningin!“

Tafla 6: Úr könnun á foreldradegi í Fellaskóla 28. október 2010

Settu x við þær fullyrðingar sem lýsa viðhorfi þínu til heimavinnunnar/heimanáms	Svör 1.-5. bekkur	Svör 6.-10. bekkur	Svör samtals
Það á ekki að vera nein heimavinna	1	10	11
Það á aðeins að vera heimavinna í lestri	15	11	26
Það á að vera heimavinna í sem flestum greinum	8	15	23

Athygli vekur við töflu 6 að töluverður munur er á viðhorfi til heimavinnu milli foreldra nemenda úr 1.- 5. bekk og foreldra nemenda úr 6.- 10. bekk.

Á foreldradegi í Fellaskóla 24. febrúar 2011 var leitað eftir skoðunum foreldra á skólareglum Fellaskóla.

Tafla 7: Úr könnun á foreldradegi í Fellaskóla 24. febrúar 2011

Hversu vel þekkir þú skólareglur Fellaskóla?	Svör 1.-5. bekkur	Svör 6.-10. bekkur	Svör samtals
Ég hef aldrei séð þær (fyrir en núna)	6	7	13
Ég hef séð þær á heimasíðu Fellaskóla	14	17	31
Telur þú að skólareglur Fellaskóla þurfi að vera nákvæmari en þær eru?			
Já, þessar eru of opnar	0	0	0
Nei, þær eru ágætær eins og þær eru	21	24	45

Eftirtekt vekur í töflu 7 hversu margir foreldrar hafa aldrei séð skólareglurnar eða tæp 30% foreldra.

Nemendur

Viðmælendur skýrsluhöfunda sögðu að reynt væri að gera nemendur sjálfstæða í vinnubrögðum – benda þeim á að leita fremur en að spyrja til að fá svör. Bendum á tölvuna þar er hægt að leita og fá svör. Náms hópurinn þarf ekki að fylgjast að í bókunum og námslýðræði felst í því að velja á milli verkefna.

Hjá viðmælendum kom fram að í valáföngum þar sem um er að ræða fleiri viðfangsefni innan kennslustundarinnar er auðveldara að vera með meira val milli viðfangsefna heldur en í bóklegum greinum. Einnig er auðvelt að leyfa nemendum að vinna út frá sínu áhugasviði í valáföngum – það er alveg ótrúlegt hvað þau geta dundað sér ef þau eru að fást við verkefni sem þau velja og hafa áhuga á sagði einn viðmælenda úr rýnihópi kennara.

Nemendur Fellaskóla eru upp til hópa félagslega sterkir og þeir geta sett fram skoðanir á ýmsu og það er reynt að hlusta en ef til vill hafa þeir ekki mikil áhrif á námsfyrirkomulag í skólanum.

Jafnrétti

Jafnréttisáætlun er ekki til við skólann en sveitarfélagið hefur sína jafnréttisstefnu og það skiptir máli.

Viðmælendur skýrsluhöfunda úr hópi kennara og annars starfsfólks voru sammála um að jafnrétti í viðum skilningi væri gætt í öllu starfi skólans.

Samantekt og mat

Skýrsluhöfundar eru sammála um að starfsandi virðist góður meðal kennara og annars starfsfólks Fellaskóla. Samskipti við stjórnendur skólans virðast einnig vera mjög góð. Það er mikið lagt upp úr því að móta sterka liðsheild í Fellaskóla og yfirleitt eru allir með.

Nokkur atriði til áréttingar.

1. Skýrsluhöfundar eru sammála um að faglegur stuðningur við nýja kennara og leiðbeinendur sem ráðnir eru að Fellaskóla sé í góðu lagi. Það sama á við um annað starfsfólk sem ráðið er að skólanum.
2. Það er skoðun skýrsluhöfunda að endurmenntunaráætlun sem unnin er út frá stefnu og framtíðarsýn skólans geti reynst mikilvirkt verkfæri í höndum stjórnenda við skólaþróun náist samstaða um gerð hennar með hagsmuni aðila og stefnu að leiðarljósi.
3. Skýrsluhöfundar eru sammála um að í þróunarverkefninu „Akrinum“ felist kraftur sem skili betra skólastarfi en annars væri í Fellaskóla.
4. Viðmælendur voru almennt ánægðir með námsmatið/símatið í Fellaskóla og sögðu að það væri mjög gott að vera laus við þá pressu sem prófadagar skapa. Kennarar höfðu ekkert út á fyrirkomulag samræmdra prófa að setja.
5. Viðmælendur skýrsluhöfunda töldu að nemendalýðræði í Fellaskóla birtist m.a. í því að reynt væri að gera nemendur sjálfstæða í vinnubrögðum. Náms hópurinn þarf ekki að fylgjast að í bókunum og lýðræði felst í því að velja á milli verkefna.
6. Viðmælendur skýrsluhöfunda töldu að námsárangur í Fellaskóla væri viðunandi og í jafnvægi miðað við aðra skóla í fjórðungnum. Viðmælendur töldu það vera aðalsmerki Fellaskóla að hann útskrifaði félagslega sterka nemendur sem gætu sett fram skoðanir á ýmsu og fært rök fyrir sínu máli.

Nemendur

Fyrir í skýrslunni fullyrða skýrsluhöfundar að það sé heimilislegt að koma inn í Fellaskóla sem er hefðbundinn liðlega 100 barna skóli í sveit sem byggir á eigin gildum. Stefna og stærð skólans mótar skólabraginn þar sem starfsdagurinn byggir á samskiptum tiltölulega fámennra nemenda- og aldurshópa. Mikil eindrægni virðist ríkja milli nemenda og alls starfsfólks. Það er létt yfir nemendum og þeim virðist líða vel í skólanum.

Líðan, jafnrétti og lýðræði

Já, það er vinátta milli nemenda. Við erum öll vinir þó svo að einstöku sinnum slettist upp á venskapinn. Yfirleitt eru öll samskipti milli nemenda góð fullyrtu viðmælendur skýrsluhöfunda úr hópi nemenda. Aðrir viðmælendur töldu að líðan nemenda væri heilt yfir góð og að þeirra mati hjálpast þar að stefna skólans og stærð hans, þar sem hver og einn nemandi fær mikið vægi. Mælingar í Skólapúlsinum frá október síðastliðnum sýna að þeir þættir sem gefa upplýsingar um líðan nemenda í Fellaskóla mælast við meðaltal þeirra nemenda sem Skólapúlsinn mælir (rúmlega 5000 nemendur).²⁵

Nemendur töldu að ekki væri einelti í Fellaskóla í dag en rifjuðu upp einelti í skólanum frá því þau voru yngri. Nemendur sögðu að það væri til eineltisáætlun við skólann sem þau hefðu oftast en einu sinni farið yfir og töldu þeir að hún gerði sitt gagn. Aðspurð sögðu þau að einelti yrði ekki liðið meðal nemenda í dag og sögðu að þau mundu leita til umsjónarkennara eða skólastjóra ef þau yrðu vör við einelti.

Nemendur voru á einu máli með að skólareglur Fellaskóla væru einfaldar og góðar og kennarar fara reglulega yfir reglurnar með nemendum. Nemendur sögðust fara eftir skólareglunum og töldu kennara gera það einnig enda væru reglurnar það sveigjanlegar að ekki væri þörf á að brjóta þær. Ef skólareglur eru strangar er minni virðing borin fyrir þeim var samhljóða álit nemenda.

Viðmælendur voru sammála um að jafnréttis í námi og starfi væri gætt í Fellaskóla og nemendur af báðum kynjum fengju sömu tækifæri. Reynt væri að koma til móts við alla nemendur á þeirra forsendum. Það sama á við um fatlaða nemendur og nemendur af erlendu bergi brotna.

Samskipti við kennara og starfsfólk

Viðmælendur voru undantekningarlítið mjög ánægð með samskipti sín við kennara og starfsfólk. Fram kom hjá viðmælendum að það kæmi fyrir að einstaka kennarar töluðu niður til nemenda og þætti lítið til verka þeirra koma. Viðmælendur vildu fá að njóta sanngirni og virðingar.

Aðgengi nemenda að stjórnendum skólans virðist vera mjög gott og töldu viðmælendur að stjórnendur fylgdust vel með námsgengi nemenda. Það er greinilegt að nemendur bera mikið traust til stjórnenda skólans þó svo að þeirra mati væri ekki alltaf hlustað á málflutning þeirra og rök.

Samskipti heimila og skóla

Viðmælendur skýrsluhöfunda töldu að samskipti foreldra þeirra og skólans væru í góðu fari eins og þau eru í dag. Það var þeirra skoðun að ekki ætti að auka þátttöku foreldra að skólastarfinu.

Foreldrarnir bera mikið traust til skólans og alls starfsfólks og sögðu að þeir væru áhugasamir um nám barna sinna.

²⁵ Skólapúlsinn, niðurstöður í okt. 2010.

Skólaráð, nemendaráð og félags- og tómstundastarf

Nemendur eiga sína tvo fulltrúa í skólaráði Fellaskóla. Kosning í nemenda- og skólaráð er lýðræðisleg og reglan er að nemendur gefa kost á sér í ráðin og síðan er kosið leynilegri kosningu. Það kom fram að ekki hafi verið mikill áhugi meðal nemenda að gefa kost á sér til setu í skólaráði. Tveir gáfu kost á sér og voru þeir því sjálfkjörnir í skólaráð Fellaskóla. Þegar nemendur voru spurðir hvert væri hlutverk skólaráðs var fátt um svör. Þá vaknar sú spurning hvort ekki væri gagnlegt fyrir skólastarfið að hafa verklýsingu fyrir skólaráð um helstu verkefni þess og fella skólaráðið að skipuriti skólans?

Í nemendaráði Fellaskóla eru 7 fulltrúar nemenda úr 6. til 10. bekk. Fjórir fulltrúar koma úr 9. og 10. bekk en þrír úr 6.- 8. einn úr hvorum bekk. Starfsemi nemendaráðs snýr að miklu leyti um starf félagsmiðstöðvarinnar „Afrek“ í Fellabæ en einnig hafa nemendur aðgang að félagsmiðstöðinni „Nýung“ og „Sláturhúsinu“ á Egilsstöðum. Skipulagt félagsstarf er fyrir nemendur frá 1.- 10. bekk á vegum félagsmiðstöðvarinnar. Forstöðumaður félagsmiðstöðva Fljótshálsbæjar kemur í skólann yfirleitt tvisvar í viku og fundir hans með nemendaráði Fellaskóla fara eftir verkefnastöðu félagsmiðstöðvanna. Nemendur voru ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá út úr samstarfinu við félagsmiðstöðvarnar.

Viðmælendur sögðu að fámenni skólans setti mjög þröngar skorður við öfluglu félagslífi eldri nemenda innan skólans. Þau nefndu að verkefni sem tengdust félagslífi nemenda s.s. litlujól, þorablót, öskudagur og árshátíð væru fyrst og fremst miðuð við yngri nemendur skólans. Nemendaráð hefði nánast ekkert með uppbyggingu þeirra að segja.

Viðmælendur sögðu að samskipti við aðra skóla væru nær eingöngu við Egilsstaðaskóla og þá mest í félagsmálum s.s. árshátíð og öskudagsball svo og „Samfés“ á vegum félagsmiðstöðvarinnar.

Kennsla, námsárangur og námsmat

Þegar skýrsluhöfundar spurðu viðmælendur um kennsluna í skólanum var fyrsta svar þeirra að kennararnir eru að reyna að láta okkur vilja læra. Viðmælendur töldu að þeir væru að fá verkefni við hæfi í kennslustundum en annars færi kennslan mjög eftir því hvaða kennari væri að kenna hverju sinni.

Yfirleitt kennir umsjónarkennarinn sínum bekk mjög mikið þó að á því séu undantekningar. Það var að heyra á nemendum að þau teldu það fyrirkomulag mikilvægt en þegar spurt var um hvort þau vissu hvert hlutverk umsjónarkennarans við nemendur væri varð lítið um svör, sögðust frekar leita til stjórnenda skólans ef einhver vandamál koma upp.

Viðmælendur voru sammála um að sá tölvubúnaður sem nemendur hefðu aðgang að í Fellaskóla væri langt frá því að geta talist viðunandi fyrir nemendur og kennara. Þessu til viðbótar kom fram að „Skyggnir blokkar allt“ og nefndu nemendur nokkur dæmi þess að þau hefðu ekki getað unnið verkefni sem kennarinn hafi sett þeim fyrir vegna þess að þau náðu ekki í myndir eða upplýsingar vegna „Skyggnis“.

Fram kom að ekki væri mikið um samráð að ræða við nemendur um skipulag námsins eða kennslustundarinnar nema í valáföngum. Nemendur sögðu að elstu nemendur skólans fái 4x40 mínútur í val á viku. Nemendur Fellaskóla fá tómstundir hjá viðurkenndum aðilum og listnám er metið til námseininga í valgreinum og þurfa þeir nemendur ekki að mæta í valgreinar á fyrstu önn vetrarins.

Nemendur töldu að fámenni skólans kæmi í veg fyrir fjölbreyttara val en voru samt nokkuð sátt við sinn hlut. Viðmælendur sögðu frá því að skólayfirvöld væru að huga að samstarfi í valgreinum við Egilsstaðaskóla til að auka fjölbreytni í vali nemenda.

Viðmælendur skýrsluhöfunda höfðu skoðanir á fyrirkomulagi námsmats í Fellaskóla og vildu fá prófadaga aftur í stað símats sem tekið var upp við skólann á liðnu hausti. Máli sínu til stuðnings nefndu viðmælendur að það hrúguðust inn próf síðustu viku annarinnar vegna þess að kennarar gleymdu að leggja fyrir kannanir. Viðmælendur skýrsluhöfunda sem voru úr hópi eldri nemenda skólans höfðu skoðun á því að betra væri að fá einkunnir í

tölustöfum en umsagnir nema í einstaka tilvikum s.s. ritgerðum o.fl. Nemendur voru ánægðir með fyrirkomulag samræmdra prófa.

Nemendur voru sammála um að fyrsti kostur þeirra í framhaldsskóla væri Menntaskólinn á Egilsstöðum og að loknu fyrsta eða öðru ári í framhaldsskóla færu þau annað, jafnvel suður.

Samantekt og mat

Það er mat skýrsluhöfunda að nemendur Fellaskóla beri mikið traust til skólans. Þeir eru að mestu ánægðir með aðbúnað í skólanum og telja að allir sem að skólastarfinu koma hafi það eitt markmið að öllum líði vel í skólanum og að námsárangur nemenda verði eins góður og kostur er.

Nokkur atriði til áréttingar.

1. Viðmælendur skýrsluhöfunda töldu að samskipti foreldra þeirra og skólans væru í góðu fari eins og þau eru í dag. Einnig var það skoðun þeirra að foreldrarnir bæru mikið traust til skólans og alls starfsfólks og sögðu að þeir væru áhugasamir um nám barna sinna.
2. Kosning í nemenda- og skólaráð er lýðræðisleg og reglan er að nemendur gefa kost á sér í ráðin og síðan er kosið leynilegri kosningu. Það kom fram hjá viðmælendum skýrsluhöfunda að ekki hafi verið mikill áhugi meðal nemenda að gefa kost á sér til setu í skólaráði. Einnig voru nemendur ekki vissir um hlutverk skólaráðs.
3. Skýrsluhöfundar eru sammála viðmælendum úr hópi nemenda að sá tölvubúnaður sem nemendur hafa aðgang að í Fellaskóla er langt frá því að geta talist viðunandi fyrir nemendur og kennara. Einnig þarf að huga að uppsetningu tölvukerfis þannig að tölvur nýtist nemendum sem hjálpartæki til náms og takmarkanir á netaðgangi nemenda hamli ekki notkun þeirra í skólastarfi.
4. Viðmælendur skýrsluhöfunda töldu að fámenni skólans setti mjög þröngar skorður við öfluglu félagslífi eldri nemenda innan skólans. Þau nefndu að samkomur sem tengdust félagslífi nemenda s.s. litlujól, þorablót, öskudagur og árshátíð væru fyrst og fremst miðuð við yngri nemendur skólans. Nemendaráð hefði nánast ekkert með uppbyggingu þeirra að segja.
5. Vegna athugasemda nemenda um námsmat í Fellaskóla vilja skýrsluhöfundar benda á að þörf er á að kynna námsmatsfyrirkomulagið vel fyrir nemendum og jafnvel vinna það með þeim. Einnig þarf að koma vel fram í kennsluáætlunum hvenær kannanir eru áætlaðar á hverri önn fyrir sig.

Foreldrar

Viðmælendur skýrsluhöfunda úr hópi foreldra bera mikið traust til Fellaskóla og segja stefnu skólans endurspeglast í starfi hans. Stefnan er ekki bara orð á blaði. Það er reynt að finna leiðir fyrir alla og mikið hugsað um líðan og mannrækt. Foreldrarnir bentu á þrjú grunngildi Fellaskóla sem eru: „að efla bókvit, efla verkvit og efla siðvit“. Á hverju skólaári er tekið fyrir í skólanum eitt áðurnefndra grunngilda.

Þátttaka foreldra í skólastarfi

Viðmælendur sögðu að megingilgangur með þátttöku foreldra í skólastarfinu væri að vera bakhjarl skólans og styrkja og styðja við skólastarfið á ýmsa lund.

Nokkur verkefni Foreldrafélagsins í stuðningi við starf Fellaskóla.

- Reynum að vera til taks ef á þarf að halda ef eitthvað sérstakt stendur til í skólanum.
- Tilnefning tengiforeldra í hverjum bekk til að ná tengingu milli foreldra og umsjónarkennara um bekkjarstarfið. Á hverri önn standa tengiforeldrar fyrir einum viðburði.
- Stuðningur ýmiskonar við starf skólans og ef eitthvað vantar reynum við að koma því áfram.
- Útikennsla er þróunarverkefni sem Foreldrafélagið hefur ákveðið að standa vörð um og styðja með tækjakaupum og á þann hátt sem kemur sér vel fyrir verkefnið. Frumkvæðið að útikennsluverkefninu er komið frá kennurum og skólastjóra.
- Ef einhver er óánægður með eitthvað í skólanum tökum við það til meðferðar og tölum við skólastjóra til að fá upplýsingar frá honum reynum að færa málið í réttan farveg í samvinnu við aðila.
- Fræðsluhlutverk við foreldra félagsins. Fræðslan hefur að mestu færst yfir til Héraðsforeldra sem eru samtök foreldra í grunnskólum á Fljótsdalshéraði.

Foreldrafélag og skólaráð

- Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.
- Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Mynd 10: Lög um grunnskóla nr. 91/2008, úr 9. grein.

Einnig er í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla lögð áhersla á samstarf heimils og skóla. Þar segir: „Menntun og velferð barna er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, gagnkvæmu trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun.“²⁶

Við Fellaskóla er starfandi foreldrafélag með heimili í Fellum. Í lögum foreldrafélagsins frá 22. apríl 2009 kemur m.a. fram í 2. gr.: „að markmið félagsins er að efla samvinnu milli skólans og foreldra og stuðla að uppbyggingu skólastarfs. Í 5. gr. sömu laga segir: „Stjórn félagsins skipa fimm. Skólastjóra eða staðgengli hans er heimilt að sitja stjórnarfundum með tillögurétti og málfrelsi.“²⁷

²⁶ Aðalnámskrá grunnskóla, Almennur hluti 2011

²⁷ Lög Foreldrafélags Fellaskóla, 2009

Þegar lög Foreldrafélags Fellaskóla eru borin saman við 9. grein grunnskólalaga er hægt að fullyrða að foreldrafélagslögin uppfylli þær kröfur sem gildandi grunnskólalög gera til slíkra laga.

Fram kom hjá viðmælendum skýrsluhöfunda að talsverð breyting hafi orðið á starfi foreldrafélagsins með tilkomu skólaráðs þar sem verkefni hafi færst frá foreldrafélagi yfir til skólaráðs. Ekki síður urðu breytingar á starfi félagsins þegar þau voru skylduð til að breyta úr foreldra- og kennarafélagi yfir í foreldrafélag. Það mátti skilja á viðmælendum að vilji væri til að vinna úr þessum hnökrum með hagsmuni skólastarfsins að leiðarljósi.

Foreldrafélagið er búið að setja sér reglur um kosningu fulltrúa félagsins í skólaráð Fellaskóla þó svo ekki sé kveðið á um kosningu í skólaráð í lögum félagsins frá 2009. Á síðasta aðalfundi foreldrafélagsins 9. mars sl. var starf skólaráðs á dagskrá. Rætt var un hvernig best væri að haga kjöri í skólaráð til að foreldrafélagið héldi tengslum við skólaráð og starfið í skólanum. Ákveðið var að formaður foreldrafélags Fellaskóla sé sjálfkjörinn í skólaráð en hinn fulltrúi félagsins í skólaráð sé kosinn almennri kosningu.

Skýrsluhöfundar eru sammála um að miðað við ofanritað sé full þörf á að ganga frá nánari starfsreglum fyrir skólaráð í Fellaskóla svo öllum megi vera ljóst hvert hlutverk skólaráðs er þar sem vinnulag og starfshættir taki mið af aðstæðum skólans.

Í reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð í grunnskóla segir í 4. grein:

- Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Vinnulag og starfshættir skólaráðs skulu m.a. taka mið af stærð skóla, fjölda árganga og öðrum einkennum hans.
- Skólaráð skal setja sér starfsáætlun til eins árs í senn, m.a. um tíðni funda, boðun þeirra og undirbúning. Skólastjóri boðar reglulega til funda.
- Síðar í 4. gr segir: Skólaráð getur sett sér nánari starfsreglur.

Mynd 11: Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla.

Lýðræði

Viðmælendur skýrsluhöfunda sögðu að ákvarðanataka foreldra í skólastarfinu væri fyrst og fremst í gegnum skólaráð. Auk þessa fullyrtu viðmælendur að vel væri tekið á móti foreldrum ef þeir kæmu með hugmyndir. Viðmælendur töldu að lýðræðis væri mjög vel gætt gagnvart nemendum og sögðust undrandi á því hversu skólinn væri tilbúinn í að skoða leiðir með þeim.

Viðmælendur sögðust halda að foreldrar fylgdust almennt nokkuð vel með heimasíðu skólans en auðvitað væru á þessu undantekningar. Upplýsingaflæði frá skóla til heimila er í góðu lagi að mati viðmælenda skýrsluhöfunda.

Niðurstöður úr innra mati eru yfirleitt birtar á heimasíðu skólans og hafa niðurstöðurnar oft að mati viðmælenda leitt til breytinga í skólastarfinu. Viðmælendur töldu einnig að umbótavilji væri ríkjandi í skólastarfinu.

Viðmælendur sögðust þekkja skólareglurnar vel og einnig hvaða viðurlög giltu við brotum. Þær eru fáar og skýrar sem er gott. Bent var á könnun sem gerð var á foreldrafundi 24. febrúar 2011 en niðurstöður þeirrar könnunar eru birtar í töflu 7 á bls. 29 fyrr í skýrslunni.

Afstaða til þjónustu við fjölskyldur nemenda með sérþarfir

Viðmælendur skýrsluhöfunda voru sammála um að vel væri staðið að þjónustu við nemendur með sérþarfir og fjölskyldur þeirra. Heiðarleiki einkenndi alla þjónustu á þessu sviði og leitast væri við að finna og þroska styrkleika hvers og eins.

Viðmælendur sögðu að sérkennslan væri að þeirra mati mjög góð og það er fylgst vel með námsframvindu nemenda og gripið mjög fljótt inn í ef ástæða er til. Í samvinnu við aðila er reynt að finna leiðir til úrbóta eftir því sem við á hverju sinni. Viðmælendur voru sammála um að sérkennslan væri ein af sterku hliðum skólans.

Samantekt og mat

Viðmælendur skýrsluhöfunda úr hópi foreldra voru allir sem einn ánægðir með starfið í Fellaskóla og sögðu að þar væru opin samskipti og heiðarleiki höfð í fyrirrúmi. Glaðværð ríkti meðal starfsfólks og reynt væri að mæta hverjum nemanda á hans forsendum. Fellaskóli er skóli sem auðvelt er að mæla með.

Nokkur atriði til áréttingar.

1. Skýrsluhöfundar eru sammála viðmælendum um að sérkennslan sé ein af sterkari þáttum skólastarfsins. Viðmælendur skýrsluhöfunda segja að fylgst sé mjög vel með námsframvindu nemenda og gripið sé fljótt inn í ef ástæða er til.
2. Skýrsluhöfundar árétta að sbr. „Reglugerð um skólaráð við grunnskóla“ nr. 1157 ber skólaráði að setja sér starfsáætlun til eins árs í senn, m.a. um tíðni funda, boðun þeirra og undirbúning og hafa hana aðgengilega á heimasíðu skólans.
3. Að mati viðmælenda skýrsluhöfunda virðast foreldrar fylgjast almennt nokkuð vel með heimasíðu skólans. Upplýsingaflæði frá skóla til heimila virðist í góðu lagi að mati skýrsluhöfunda.

Sérfræðipjónusta sveitarfélags

Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum og er skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Allir nemendur eiga rétt á námi við hæfi í grunnskólum. Sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum. Stefna stjórnvalda er sú að fatlaðir nemendur stundi nám með öðrum nemendum eftir því sem kostur er. Á grunnskólastigi eiga allir nemendur rétt á að stunda skyldunám í heimaskóla nema foreldrar og sérfræðingar skóla meti aðstæður nemandans þannig að honum sé fyrir bestu að vera í sérskóla eða heilsu hans sé þannig farið að ekki verði komist hjá vistun fjarri heimili.²⁸

Svo skólinn geti sem best rækt þetta hlutverk sitt mæla lög²⁹ fyrir um að sveitarfélög skuli tryggja grunnskólum sérfræðipjónustu, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra. Markmiðið er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Þjónustan skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.³⁰

Fyrirkomulag, aðgengi og umfang

Skólaskrifstofa Austurlands sem er til húsa á Reyðarfirði hefur það hlutverk að sjá skólunum fyrir grunnatriðum í greiningu og ráðgjöf. Um skólaskrifstofuna segir á heimasíðunni:

- Skólaskrifstofa Austurlands er byggðasamlag 8 sveitarfélaga á Austurlandi frá Vopnafirði í norðri til Djúpavogshrepps í suðri. Nemendur á svæði skrifstofunnar eru um 1500 í 15 grunnskólum og um 600 börn í jafnmörgum leikskólum. Starfsemi skrifstofunnar byggir á samningi byggðasamlagsins og lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um sérfræðipjónustu grunnskóla.

Mynd 12: Um Skólaskrifstofu Austurlands

Á skrifstofunni starfa auk forstöðumanns, 2 sálfræðingar, talmeinafræðingur og kennsluráðgjafi. Lögð er áhersla á „*snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda og að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar*“.³¹ Verkefni skrifstofunnar eru:

- Almenn og greinabundin kennsluráðgjöf og sálfræðipjónusta við grunnskóla.
- Stuðningur við starfsemi skóla.
- Rekstur og umsjón kennslugagnamiðstöðvar.
- Símenntun grunnskólakennara, nýbreytni og þróunarstörf.
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf til skóla, sveitarstjórna og samtaka þeirra og annarra opinberra aðila.
- Ráðgjöf í deilumálum eftir því sem við á og vísað er til skrifstofunnar.
- Ráðgjöf vegna eftirlits með framkvæmd leik- og grunnskólalaga.
- Rekstrarleg ráðgjöf fyrir sveitarfélög vegna fræðslumála.

²⁸ Aðalnámskrá grunnskóla, 2006

²⁹ Lög um grunnskóla nr. 91/ 2008

³⁰ Reglugerð um sérfræðipjónustu..... nr. 584/2010

³¹ Heimasíða Skólaskrifstofu Austurlands

Hjá viðmælendum kom fram að Fellaskóli er vel búinn af mannafla sjálfur, og þess vegna minna sem hann sækir til skólaskrifstofunnar en margir aðrir skólar héraðsins, einkum er leitað til sálfræðipjónustunnar.

Félagsráðgjafi var í 50% starfi fyrir grunnskólana en breytingar urðu vegna samdráttar í kostnaði og er félagsráðgjafinn kominn alfarið til félagsþjónustunnar, vinnur ennþá að málum sem komin voru af stað fyrir breytingu á starfssviði.

Á heimasíðu skólaskrifstofu Austurlands er að finna upplýsingar um þau skimunarpróf sem lögð eru fyrir í öllum grunnskólum á starfssvæði skrifstofunnar. Jafnframt kemur þar fram að það eru umsjónarkennararnir og sérkennarar skólanna sem sjá um fyrirlagningu prófanna og senda niðurstöður til skólaskrifstofunnar. Eftirfarandi próf eru lögð fyrir í grunnskólum héraðsins:

- Læsi – skimunarpróf í lestri 1. og 2. bekk.
- GRP-14 -greinandi ritmálspróf fyrir 14 ára nemendur.
- Talnalykill, reikningur og aðgerðir í 3. bekk.

Engin sérdeild er starfrækt í sveitarfélaginu.

Eftirfylgni í framhaldi af greiningu

Sérkennarar Fellaskóla sjá sjálfir um að leggja fyrir skimunarpróf og fylgja þeim eftir. Ef óskað er eftir öðrum greiningum en þeim sem sérkennarar framkvæma er erindi vísað til nemendaverndarráðs. Eftirfylgni í framhaldi af greiningum er í höndum sérkennara skólans í samstarfi við umsjónarkennara og foreldra. Hjá sérkennurum kom fram að ákveðin ferli eru til staðar í skólanum til þess að bregðast við í flestum tilfellum. Sérkennarar höfðu áhyggur af úrræðaleysi í samfélaginu í tengslum við alvarlega hegðunarerfiðleika, kvíða og vanlíðan. Að þeirra mati vantar í héraðið möguleika á viðtalsþjónustu og fjölskyldumeðferð.

Nemendaverndarráð

Í Fellaskóla er starfandi nemendaverndarráð samkvæmt grunnskólalögum. Hlutverk þess er að: *"samræma þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur."*³²

Máli er vísað til nemendaverndarráðs og getur starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðipjónustu skólans vísað máli til nemendaverndarráðs með því að hafa samband við skólastjóra og er þá fyllt út eyðublað með grunnupplýsingum.

Í nemendaverndarráði Fellaskóla skólaárið 2010-2011 eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu og sérkennari. Skólahjúkrunarfræðingur er fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Austurlands, félagsráðgjafi er fulltrúi Félagsþjónustu Fljótshálsbæjar og kennsluráðgjafi er fulltrúi Skólaskrifstofu Austurlands.

Nemendaverndarráð Fellaskóla hittist að jafnaði sex sinnum á skólaárinu og eru beiðnir þá teknar fyrir og stýrt í þann farveg sem heppilegastur er talinn í hverju máli. Foreldrar eru ávallt látnir vita ef mál er formlega tekið fyrir á fundi. Um starfshætti nemendaverndarráðs gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar sem kveða meðal annars á um þagnarskyldu, skráningu fundargerða og hliðstæða þætti.

Viðmælendur voru sammála um að faglega væri staðið að starfsemi nemendaráðs Fellaskóla.

Ráðgjöf til kennara

Kennarar Fellaskóla leita ekki mikið út fyrir skólann eftir ráðgjöf. Flest mál eru leyst í samstarfi við þá sérfræðinga sem starfa í skólanum. Hjá viðmælendum kom fram að

³² Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik og grunnskóla og

Fellaskóli væri gríðarlega vel sjálfbjarga í sambandi við sérkennslu og kennsluráðgjöf og þar væru mál leyst af fagmennsku. Það var mat fulltrúa foreldra að sérkennslan í skólanum væri mjög góð. Hjá þeim kom fram ánægja með hversu fljótt er gripið inn í ef upp koma erfiðleikar.

Sjúkrakennsla og skólaheilsugæsla

Sjúkrakennslu við börn sem ekki geta sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda er sinnt ef þær aðstæður koma upp. Forgöngu um slík mál hefur skólastjóri eða fræðslustjóri og kom fram hjá fræðslustjóra að þau mál sem þar eru leyst séu skipulögð út frá þeim einstaklingum sem þurfa á þjónustunni að halda og út frá aðstæðum fjölskyldunnar.

Á heimasíðu skólans er að finna greinargóðar upplýsingar um skólaheilsugæslu. Heilbrigðisstofun Austurlands þjónustar skólann og er skólahjúkrunarfræðingur með fasta viðveru í skólanum einn morgun í viku á þeim tíma sinnir hún heilsufarsviðtölum og öðru sem til fellur. Hjúkrunarfræðingar sjá um skoðanir og annað eftirlit samkvæmt tillögum landlæknis einnig fylgjast þeir með því að börn hafi fengið þær bólusetningar sem tilmæli landlæknisembættisins segja til um.

Hjá viðmælendum kom fram að skólalæknar komi einnig að einstökum málum. Nefnd voru dæmi um að farin væri sú leið að stofna teymi utan um einstök mál með aðkomu bæði sérfræðiþjónustunnar og heilbrigðisþjónustunnar til að varða vegferð viðkomandi nemanda og reyna að finna farsælustu lausnir í hverju tilfelli fyrir sig. Samsetning slíkra teyma er mismunandi eftir því hvers eðlis viðfangsefnið er.

Samantekt og mat

Í lögum um grunnskóla er áhersla lögð á að nemendur eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla, án aðgreiningar og án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Í aðalnámskrá grunnskóla 2011 er lögð áhersla á að við framkvæmd sérfræðiþjónustu skuli sveitarfélög leggja áherslu á forvarnarstarf til að stuðla markvisst að almennri velferð nemenda og til að fyrirbyggja vanda. Þetta er viðamikil og vandasamt verkefni og því ástæða til að ígrunda hvort áherslur sérfræðiþjónustunnar styrki skólann sem faglega stofnun sesm leyst geti flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veiti í því sambandi starfsfólki hans leiðbeiningu og aðstoð við störf sín sem við á. Örðugleikar nemenda í námi eru að mati skýrsluhöfunda miklu fremur vandamál skólans en nemenda sjálfra, þ.e. faglegt viðfangsefni sem skólinn þarf að glíma við og megin áherslur og starf sérfræðiþjónustunnar ættu að ganga út á það.

Nokkur atriði til áréttingar.

1. Stjórnendur og starfsmenn Fellaskóla hafa komið sér upp vinnulagi við úrvinnslu og meðferð sérþarfa sem að mati hagsmunaaðila er skilvirkt og nýtist nemendum skólans mjög vel.
2. Að mati skýrsluhöfunda er Fellaskóli vel sjálfbjarga með sérkennslu og kennsluráðgjöf og mál eru unnin af fagmennsku.
3. Skýrsluhöfundar fengu þá mynd að vel sé staðið að heilsugæslumálum í Fellaskóla.
4. Hjá viðmælendum komu fram áhyggjur af úrræðaleysi í samfélaginu í tengslum við alvarlega hegðunarerfiðleika, kvíða og vanlíðan. Að þeirra mati vantar í nærsamfélagið möguleika á viðtalsþjónustu og fjölskyldumeðferð.

Mat og eftirlit sveitarfélagsins

Sveitarfélög eiga að framkvæma ytra mat á grunnskólum skv. 37. gr. laga um grunnskóla nr 91/2009 og reglugerð um mat og eftirlit nr. 658/2009. Skólanefndum ber að sjá til þess að áætlanir um umbætur í kjölfar ytra mats séu gerðar og þeim fylgt eftir.

Þá er í lögnum kveðið á um að sveitarfélög sinni ytra mati á gæðum skólastarfs og fylgi því eftir svo það leiði til umbóta í skólastarfi. Lögin skilgreina ekki nánar hvernig skuli staðið að framkvæmd ytra mats eða til hvaða þátta í skólastarfinu það eigi að ná. Í vetur hefur verið unnið að því á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið að skýra þetta hlutverk sveitarfélaga og móta leiðsögn um viðmið fyrir sveitarfélög við slíkt mat.

Um ytra mat á Fljótshálfshéraði

Ekki kemur fram í menntastefnu Fljótshálfshéraðs hvernig er hugað að því að meta hvernig skólar standa gagnvart menntastefnu sveitarfélagsins. Hjá fræðslufirvöldum kom fram að beðið er eftir niðurstöðum nefndar áður en teknar eru ákvarðanir um áherslur í ytra mati.

Hjá fræðslufirvöldum kom fram að allir skólar héraðsins hafa fengið athugasemdir við innra matið. Fræðslufirvöld hafa aðeins haldið að sér höndum í því að fylgja eftir innra mati skólanna. Vilja vera viss um að það sem farið verður af stað með hangi saman þ.e.a.s. innra mat skólanna og ytra mat sveitarfélagsins. Finnst landið undir fótum vera dálítið óráðið ennþá og vantar leiðbeiningu um þessi mál. Ný reglugerð um mat, setur að þeirra mati, matsferli skólanna í stærra samhengi. Í undirbúningi er að taka þetta ferli upp og setja í samhengi þannig að það fái heildstæð sýn á skólastarfið á Héraði.

Skólar á Héraði hafa að sögn fræðslufirvalda notast við kerfi sem heitir „Skólamat“ við innra matið. Allir skólarnir eru að leggja fyrir kannanir og fræðslufulltrúi fylgist með niðurstöðum í samræmdum prófum

Samantekt og mat

Sveitarfélagið Fljótshálfshérað hefur útbúið skólastefnu en ekki tekið ákvörðun um hvernig það hyggst meta hvernig stefnunni er fylgt eftir. Á Héraði eins og víða annars staðar á landinu er horft til samstarfsnefndar Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um ytra mat á skólastarfi og beðið eftir niðurstöðum þeirrar vinnu.

Nokkur atriði til áréttingar:

1. Mikilvægt er að sett verði niður áætlun um ytra mat á skólastarfi sveitarfélagsins og áætlunin verði sett inn í menntastefnu Fljótshálfshéraðs
2. Skýrsluhöfundar benda á að menntastefna sveitarfélags myndar mikilvægan grunn fyrir ytra mat sveitarfélagsins á skólum og benda höfundar á að ytra matið hefur meðal annars þann tilgang að skoða hvernig gengur að vinna að helstu áhersluatriðum sveitarfélagsins í skólamálum og hvort að þeim hafi verið náð.
3. Einnig benda skýrsluhöfundar á mikilvægi þess að setja fram umbótaáætlun í kjölfar ytra mats.

Umræða og tillögur til úrbóta

Skýrsluhöfundar hafa hér á undan fjallað um og lagt mat á ákveðna þætti skólastarfs í Fellaskóla í Fellabæ með hliðsjón af lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Niðurstaðan er að Fellaskóli er á margan hátt einstakur skóli. Einkunnarorð skólans „Mennt er máttur... ef þú ert sáttur!“ setja mark sitt á allt starf í skólanum. Mikil áhersla er lögð á að skapa umhverfi þar sem einstaklingar fá notið sín, bæði nemendur og starfsfólk. Allt skipulag skólastarfsins, umhverfisins og samskipti í skólanum bera þessum orðum vitni.

Starfsfólk Fellaskóla kappkostar að vera í takt við samfélagið sem skólinn starfar í og að mati skýrsluhöfunda ríkir mikil samheldni og eindrægni í starfsmannahópnum. Það er og mat skýrsluhöfunda að stjórnun skólans sé lýðræðisleg og að lýðræðislegra vinnubragða gæti í öllu starfi skólans.

Í skólanum er haldið fast í gömul og góð gildi skólastarfsins um leið og stjórnendur og kennarar fylgjast með þróun í menntamálum og stíga ákveðin skref á sínum hraða inn í framtíðina. Í skólanum hefur að mati skýrsluhöfunda ekki farið fram formleg vinna með starfsmannahópnum í tengslum við ný grunnskólalög. Það er mat skýrsluhöfunda að mikill styrkur væri fyrir skólastarfið að taka upp skipulagðari vinnubrögð í þessum efnum, móta hugmyndir/verkefni og leggja síðan mat á verkefnið og gefa út hvernig til hafi tekist hverju sinni.

Unnið er að skipulagi innramats og er mikilvægt að huga að lýsingu á innra mati í skólanámskrá. Í starfsáætlun hvers skólaárs koma svo fram þær áherslur og áætlanir sem fyrirhugaðar eru í innra mati. Gera þarf sjálfsmatsskýrslu þar sem gerð er grein fyrir því hvað metið hefur verið á skólaárinu, matsaðferðum, niðurstöðum matsins og settar fram tillögur til úrbóta. Það er skoðun skýrsluhöfunda að allar niðurstöður í sjálfsmati skólanna eigi að vera opinberar og birtast á heimasíðu. Einnig skal bent á að mikilvægt er að skólinn setji sér viðmið um árangur í þeim þáttum sem innra matið mælir, þannig sést betur á hvaða vegferð skólastarfið er.

Í stefnu skólans er lögð áhersla á að einstaklingar eru ólíkir og mismunandi aðferðir henti hverjum einstaklingi. Skýrsluhöfundar eru sammála um að þessi stefna svífur yfir vötnum í skólanum hvað snertir agamál og umgengni við einstaklinga. Einnig kemur þessi stefna fram í miklu frelsi kennaranna í tengslum við skipulag kennslunnar og kennsluhætti. Að mati skýrsluhöfunda er mikilvægt að styrkja fjölbreytta kennsluhætti í skólanum.

Styrkleikar Fellaskóla felast m.a. í öflugum sérkennurum, ráðgjöf og fumlausum vinnubrögðum í tengslum við sérþarfir. Skýrsluhöfundar eru sammála um að faglegur stuðningur við nýja kennara og leiðbeinendur sem ráðnir eru að Fellaskóla sé í góðu lagi. Það sama á við um annað starfsfólk sem ráðið er að skólanum. Í þróunarverkefninu „Akrinum“ jafningjafræðslunni felst að mati skýrsluhöfunda kraftur sem skilar betra skólastarfi en annars væri í Fellaskóla.

Viðmælendur skýrsluhöfunda töldu að námsárangur í Fellaskóla væri viðunandi og í jafnvægi miðað við aðra skóla í fjórðungnum. Viðmælendur töldu það vera aðalsmerki Fellaskóla að hann útskrifaði félagslega sterka nemendur sem gætu sett fram skoðanir á ýmsu og fært rök fyrir sínu máli. Niðurstöður samræmdra prófa sýna að árangur nemenda Fellaskóla er að jafnaði í meðallagi eða rétt undir meðallagi borið saman við nemendur á öllu landinu undanfarin 6 ár. Skólinn þarf að setja sér viðmið um hvað að þeirra mati er ásættanlegur árangur skólans á þessum prófum.

Heimasíðan er notuð til þess að koma upplýsingum um skólastarfið til foreldra og að mati viðmælenda skýrsluhöfunda virðast foreldrar fylgjast almennt nokkuð vel með heimasíðu skólans. Viðmælendur skýrsluhöfunda töldu að samskipti foreldra og skólans væru í góðu fari eins og þau eru í dag. Þeir viðmælendur sem skýrsluhöfundar töluðu við

voru stoltir af skólanum og væntingar þeirra til skólastarfsins voru miklar. Einnig var það skoðun þeirra að foreldrarnir bæru mikið traust til skólans og alls starfsfólks og sögðu að þeir væru áhugasamir um nám barna sinna.

Viðmælendur skýrsluhöfunda töldu að nemendalýðræði í Fellaskóla birtist m.a. í því að reynt væri að gera nemendur sjálfstæða í vinnubrögðum. Námsþópurinn þarf ekki að fylgjast að í bókunum og lýðræði felst í því að velja á milli verkefna. Kosning í nemenda- og skólaráð er lýðræðisleg og reglan er að nemendur gefa kost á sér í ráðin og síðan er kosið leynilegri kosningu. Það kom fram hjá viðmælendum skýrsluhöfunda að ekki hafi verið mikill áhugi meðal nemenda að gefa kost á sér til setu í skólaráði. Einnig voru nemendur ekki vissir um hlutverk skólaráðs.

Skýrsluhöfundar eru sammála um að val nemenda er veikur þáttur í skólastarfinu og taka undir orð viðmælenda um að mikilvægt er að styrkja þennan þátt í samstarfi við aðra skóla í Fljótshálsbæ. Einnig vilja höfundar áréttta mikilvægi þess að nemendur hafi val um viðfangsefni og námsaðferðir innan skipulagðrar stundaskrár á öllum aldursstigum.

Hvað skólanámskrána varðar þarf að huga að birtingarformi hennar og starfsáætlunar samanber grunnskólalög og aðalnámskrá grunnskóla 2011 og bæta þarf inn í skólanámskána umfjöllun um nokkra grunnþætti skólastarfsins. Skýrsluhöfundar benda sérstaklega á að í nýútkominni aðalnámskrá fyrir grunnskóla er góð lýsing á því hvaða efnisþættir eiga að vera í skólanámskrá og hvað á að vera í starfsáætlun viðkomandi skóla.

Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar	Veikleikar
• Skólinn hefur sett sér stefnu sem er öllum skýr. • Fjölbreytt og metnaðarfullt skólastarf er í Fellaskóla. • Umbótaviðleitni er ríkjandi í skólanum. • Stjórnun skólans er lýðræðisleg • Faglegur stuðningur við nýja kennara í góðu lagi. • Þróunarverkefnið „Akurinn“ hefur fest sig í sessi og reynst starfinu í Fellaskóla mikill styrkur. • Í skólanum er mörkuð skýr stefna um námsmat, með áherslu á símat. • Nemendum líður vel í skólanum og eru ánægðir með skólann. • Úr Fellaskóla útskrifast félagslega sterkir nemendur að mati viðmælenda. • Sérkennslan er ein af sterkari þáttum skólastarfsins. • Öflugt og farsælt samstarf hefur þróast við Tónlistarskólann í Fellabæ. • Öflugt og metnaðarfullt samstarf er við leikskólann Hádegishöfða.	• Skólinn er ekki með jafnréttisáætlun. • Skipurit er ekki til fyrir Fellaskóla. • Birtingarform skólanámskrár ekki í samræmi við lög. • Formleg starfsáætlun ekki til staðar. • Ekki er að finna á heimasíðu starfsáætlun skólaráðs til eins árs í senn. • Tölvubúnaður til kennslu nemenda er úr sér genginn. • Ekki er að finna lýsingu á innra mati í skólanámskrá. • Ljúka þarf gerð sjálfsmatsáætlunar og birta hana í skólanámskrá. • Ekki eru birtar niðurstöður úr öllum könnunum á heimasíðu skólans. • Engin sjálfsmatskýrsla liggur fyrir. • Ekki er til endur- og símenntunaráætlun fyrir skólann. • Fámenni setur þröngar skorður við félagslífi eldri nemenda að þeirra sögn. • Val eldri nemenda er veikur þáttur í skólastarfinu

- | | |
|--|--|
| <ul style="list-style-type: none"> • Mötuneytismál nemenda og starfsfólks eru í góðu lagi. • Foreldrar bera mikið traust til skólans og eru áhugasamir um nám barna sinna. | |
|--|--|

Tillögur að aðgerðum til úrbóta

1. Skýrsluhöfundar benda á að sá tölvubúnaður sem nemendur hafa aðgang að í Fellaskóla er langt frá því að geta talist viðunandi til náms/kennslu fyrir nemendur. Huga þarf að netaðgangi þannig að tölvur nýtist nemendum sem hjálpartæki til náms og að takmarkanir á netaðgangi nemenda hamli ekki notkun tölvu í skólastarfi.
2. Viðmælendur voru almennt ánægðir með námsmatið/símatið í Fellaskóla og sögðu að mjög gott væri að vera laus við þá pressu sem prófadarar skapa. Það skaut því skökku við þegar kom að viðmælendum úr hópi nemenda þegar þeir lýstu sig andsnúna stefnu skólans í námsmati. Vegna athugasemda nemenda um námsmat í Fellaskóla vilja skýrsluhöfundar benda á að þörf er á að kynna námsmatsfyrirkomulagið vel fyrir nemendum og jafnvel að fá þá til samstarfs um stefnuna. Með hliðsjón af því sem viðmælendur úr hópi nemenda sögðu er þörf á að það komi skýrt fram í kennsluáætlunum, sem birtast eiga í starfsáætlun, hvenær kannanir eru áætlaðar í námsgreinum á hverri önn fyrir sig.
3. Skýrsluhöfundar meta það svo að full ástæða er fyrir skólastjórnendur að gera endur- og símenntunaráætlun fyrir skólann í samstarfi við kennara og starfsfólk. Góð endur- og símenntunaráætlun getur reynst mikilvirkt verkfæri í höndum stjórnenda við skólaþróun náist samstaða um innihald hennar með hagsmuni aðila og stefnu skólans að leiðarljósi.
4. Skýrsluhöfundar benda á að vinna þarf jafnréttisáætlun fyrir Fellaskóla. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, gera ráð fyrir því að jafnréttisáætlanir séu gerðar fyrir allar stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn (nemendur og starfsmenn). Skýrsluhöfundar benda á þá leið við gerð jafnréttisáætlunar fyrir skólann að lögin heimila að samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu viðkomandi stofnunar.
5. Ljúka þarf gerð sjálfsmatsáætlunar fyrir Fellaskóla og birta hana í skólanámskránni. Einnig er mikilvægt að í starfsáætlun hvers skólaárs komi fram þær áherslur og áætlanir sem fyrirhugaðar eru í innra mati ár hvert.
6. Engin sjálfsmatsskýrsla hefur verið unnin. Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun eru unnar á grundvelli niðurstaðna úr innra mati. Skýrsluhöfundar vilja benda á að mikilvægt er að setja fram viðmið um árangur um leið og sett er fram umbótaáætlun. Í sjálfsmatsskýrslu eru gögnin svo greind og niðurstöður bornar saman við þau viðmið sem sett voru.
7. Skipurit er ekki til fyrir Fellaskóla. Það er mat skýrsluhöfunda að það styrki stöðu skólastarfsins að vinna skipurit fyrir skólann þar sem fram komi stjórnunaruppbygging hans og tenging við hagsmunaaðila.
8. Skýrsluhöfundar benda á að „Reglugerð um skólaráð við grunnskóla“ nr. 1157/2008, gerir ráð fyrir að á hverju ári setji skólaráð sér verklýsingu til eins skólaárs í senn og birti hana á heimasíðu skólans. Einnig er þörf á að finna skólaráði stað í skipuriti.
9. Miklar væntingar voru til útikennslu meðal viðmælenda og leggja skýrsluhöfundar til að mörkuð verði skýr stefna til framtíðar hvað hana varðar.

10. Í stefnu skólans er lögð áhersla á að einstaklingar eru ólíkir og mismunandi aðferðir henti hverjum einstaklingi. Skýrsluhöfundar benda á mikilvægi þess að byggja upp þekkingu innan skólans á fjölbreyttum kennsluaðferðum og styrkja kennara í notkun fjölbreyttra kennsluaðferða.
11. Mikilvægt er að sett verði áætlun um ytra mat á skólastarfi sveitarfélagsins og áætlunin verði sett inn í menntastefnu þess. Skýrsluhöfundar benda á að menntastefna sveitarfélags myndar mikilvægan grunn fyrir ytra mat sveitarfélagsins á skólum og benda jafnframt á að ytra matið hefur meðal annars þann tilgang að skoða hvernig gengur að vinna að helstu áhersluatriðum sveitarfélagsins í skólamálum og hvort þeim hafi verið náð. Einnig benda skýrsluhöfundar á mikilvægi þess að setja fram umbótaáætlun í kjölfar ytra mats.

Lokaorð

Það hefur verið afar áhugavert og notalegt að rýna í starf og starfshætti Fellaskóla. Í skólanum er ríkur umbótavilji sem að mati skýrsluhöfunda kemur til með að styrkja skólastarfið til framtíðar litið. Skýrsluhöfundar vænta þess að þær ábendingar sem koma fram í skýrslunni leiði til ígrundunar meðal hagsmunaaðila skólans um þá þætti sem um er fjallað.

Að lokum þakka skýrsluhöfundar stjórnendum skólans, starfsfólki, nemendum, foreldrum, fræðslufyrirvöldum og öðrum viðmælendum gott samstarf og aðstoð við gagnaöflun á meðan á úttektinni stóð.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Drög að aðalnámskrá grunnskóla.* (2010). Reykjavík. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Fellaskóli. (2006). *Skólanámskrá Fellaskóla 2006 – 2007.*
- Fellaskóli. (2010). *Starfsmannahandbók Fellaskóla.*
- Fellaskóli. (2010). *Námsmat.* Sótt 21.mars 2011 af http://www.fljotsdalsherad.is/fellaskoli/index.php?option=com_content&task=view&id=413&Itemid=471
- Fellaskóli. (2010). *Skólustefna.* Sótt 9. mars 2011 af http://www.fljotsdalsherad.is/fellaskoli/index.php?option=com_content&task=view&id=202&Itemid=444
- Fellaskóli. (2010). *Mat á skólastarfi.* Sótt 22. mars af http://www.fljotsdalsherad.is/fellaskoli/index.php?option=com_content&task=view&id=405&Itemid=467
- Fellaskóli. (2010). *Samstarf Fellaskóla og Hádegishöfða veturinn 2010 -2011.* Sótt 15. maí af <http://www.fljotsdalsherad.is/fellaskoli/images/skjol/samstarf2010-2011.pdf>
- Fljótsdalshérað. (2008). *Menntastefna Fljótsdalshéraðs.* Sótt 8 mars 2011 af http://www.fljotsdalsherad.is/images/stories/dmdocuments/Samth-regl-stefnur/menntastefna_fljotsdalsherads.pdf
- Karl Fannar Gunnarsson. (2010). *Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2010.* Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.*
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.*
- Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.*
- Reglugerð um skólaráð við grunnskóla, nr. 1157/2008.*
- Skólapúlsinn ehf. (2011) *Skólapúlsinn.* Sótt 4. apríl af <http://skolapulsinn.is/um/>
- Skólaskrifstofa Austurlands. (2011). *Heimasíða Skólaskrifstofu Austurlands.* Sótt 30. apríl af http://www.skolaust.is/index.php?option=com_content&task=view&id=1&Itemid=2